

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf
2017

Fjölbrautaskóli Vesturlands
Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneyti

© Gát sf. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2017.
Fjölbrautaskóli Vesturlands. Úttekt.
Unnin að ósk Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Mynd á forsiðu: Trausti Þorsteinsson
ISBN 978-9979-0-2116-2

Heildarniðurstöður

- Allar bóknámsbrautir FVA hafa verið skráðar í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytis en aðeins ein verknámsbraut.
- Skipurit FVA endurspeglar ekki vel hlutverkaskipan innan skólans. Innra skipulag FVA virðist í föstum skorðum og nýjar starfslýsingar eru aðgengilegar. Þær afmarka helstu verk- og ábyrgðarsvið.
- Samvinna stjórnunarteymis er með ágætum og það tekur allar stærri ákvarðanir sameiginlega. Ágreiningur er innan FVA um faglega forystu skólameistara.
- Skólanefnd fundar sjaldan. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu FVA. Augljós núningur er á milli formanns nefndarinnar og skólameistara.
- Sjálfsmat er reglubundið í FVA. Sjálfsmatsáætlun 2011–2019 liggur fyrir. Nýtt matsumhverfi er í mótnun sem kemur til með að lúta leiðsögn gæðaráðs og nýráðnum verkefnisstjóra.
- Kannanir á starfsanda og vinnuumhverfi hafa verið þrengdar niður í að skoða vinnuumhverfi í deildum og könnunin Stofnun ársins notuð á móti.
- Yfirsýn innan skóla um kennsluhætti og námsmat er ófullnægjandi. Kennsluhættir eru til skoðunar og starfandi er vinnuhópur sem á að koma með ábendingar um aukna fjölbreytni.
- FVA hefur ekki eiginlega námsmatsstefnu og framkvæmd námsmats er mismunandi eftir greinum og deildum. Leiðsagnarmat er á sumum sviðum en ella er notað vægi verkefnis- og lokaprófseinkunna. Slök útkoma í námsmati er rædd innan deilda og leitað leiða til úrbóta.
- Bókasafnið er ágætlega staðsett í húsum skólans og samhljómur er um að þjónusta þess við notendur sé persónuleg og góð. Lítil aðstaða er fyrir hópvinnu.
- Nemendur FVA skera sig ekki marktækt frá samanburðarhópum í Skólapúlssi nema í þremur tilvikum. Þeir segjast fá lítilla meiri stuðning frá kennurum sínum, þeir segjast mæta mun betur í skólann en hópurinn í heild og þeir segjast hafa orðið sjaldnar fyrir áreitni og ofbeldi.
- Langflestir nemenda (yfir 90%) telja að þeir fái tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar þótt það sé ekki í öllum kennslustundum. Þó eru 18% sem álíta að skipulagðar umræður eða rökræður eigi sér aldrei eða næstum aldrei stað.
- Ókeypis sálfræðiþjónusta býðst nemendum á vegum bæjarins og þar er jafnan langur biðlisti. Að mati stoðþjónustu FVA hefur kvíði meðal nemenda vaxið mikið á undanförunum árum.
- Mætingar í bóknámi eru oft slakar. Nokkuð er um að nemendur skröpi sig úr einstökum áföngum en fátítt er að þeim sé vísað úr skóla.
- Nemendafélagið heldur úti félagsstarfi og ýmsum viðburðum. Kynjakvóti er við kosningar í ráð og nefndir. Klúbbar sem starfa á vegum félagsins eru samt margir mjög kynskiptir.
- FVA hefur yfir að ráða fullnægjandi húsnæði fyrir þá starfsemi sem þar fer fram og vel það.
- Brautskráningarhlutfall FVA af stúdentsnámsbrautum er vel ásættanlegt en engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um sams konar hlutfall í verknámi. Skólinn hefur hvorki sett sér skilgreind markmið um brautskráningarhlutfall né heldur um ásættanlegar framfarir í námi.
- Skólalaping eru haldin árlega og er ætlast til að allir nemendur og starfsmenn taki þátt. Til umræðu eru ýmsir áhersluþættir í starfsemi FVA.
- Jafnréttisstofa hefur staðfest ítarlega jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun FVA.
- Brugðist hefur verið með fullnægjandi hætti við meiri hluta þeirra ábendinga sem fram komu í úttektarskýrslu um FVA árið 2012.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	3
Inngangur	6
Fjölbrautaskóli Vesturlands.....	8
Viðmið og vísbendingar	17
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	17
1.1. Um stefnu og áætlanir	17
1.2. Um stjórnendur	17
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	18
1.4. Um innra mat	18
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	19
2.1. Um nám og kennslu	19
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur.....	19
2.3. Um námsmat	20
2.4. Um kennara.....	20
2.5. Um námsgögn	21
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	22
3.1. Um skólabrag	22
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	22
3.3. Um félagslíf nemenda	23
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	23
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	23
Þáttur 4: Húsnaði og aðbúnaður	25
Þáttur 5: Lykilárangur.....	26
5.1. Um námsárangur.....	26
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	26
5.3. Um langtímaárangur	27
Viðauki	28
Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar)	28
Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar)	33
Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar)	36
Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnaði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar)	39
Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar)	41
Viðauki: Heimildir og tilvísanir	43

Myndir

Mynd 1. Nemendafjöldi FVA vor og haust 2012–2017.	9
Mynd 2. Skipurit FVA.	30

Töflur

Tafla 1. Innritun nýnema í FVA 2012–2016 úr 10. bekk.	8
Tafla 2. Aldurssamsetning dagskólanemenda FVA skólaárið 2016–2017 eftir kynjum.	9
Tafla 3. Fjöldi dreifnámsnemenda í FVA skólaárið 2016–2017 eftir kynjum og aldri.	10
Tafla 4. Aðsókn á námsbrautir FVA 2012–2016 eftir kynjum.	11
Tafla 5. Fjöldi brautskráðra úr FVA eftir námsbrautum vor og haust 2013–2016.	12
Tafla 6. Náms tími við brautskráningu eftir námsbrautum vor og haust 2012–2016.	12
Tafla 7. Skólasókn í FVA vor og haust 2016.	13
Tafla 8. Brotthvarf úr FVA haust og vor 2012–2016.	13
Tafla 9. Fjöldi og stöðugildi starfsfólks FVA eftir kynjum að vori 2017.	14
Tafla 10. Menntun kennara FVA 2016–2017.	14
Tafla 11. Staða markmiða í viðauka með skólasamningi 2015–2019.	16

Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður úttektar á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA). Hún skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegar upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður úttektaraðila um fimm tilgreinda matsþætti samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytri úttektir á framhaldsskólum. Við matið er litið til laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast úttektina skv. samningi dags. 18. janúar 2017. Sérfræðingar sem að úttektinni og skýrsluskrifum komu voru Bragi Guðmundsson, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausti Þorsteinsson, dósent við sama svið og skóla.

Í samningi Menntamálastofnunar og Gátar sf. er úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands sögð felast í „sjálfstæðu mati á þáttum sem teknir eru út, gerð tillagna um úrbætur og skýrslu um verkefnið.“ Að auki er tilgreint að markmiðið sé að meta starfsemi skólans „með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina.“ Þá segir að verktaka beri að meta helstu styrkleika og veikleika í starfsemi skólans og gera „tillögur um hvaðeina sem hann telur að gæti horft til bóta“ í starfseminni. Í úttektarleiðbeiningum eru nánari fyrirmæli og þar kemur fram að horfa beri sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og skipulag, kennsla og námsframboð, samskipti og líðan, húsnæði og aðbúnaður og lykilárangur. Megin kaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum Menntamálastofnunar.

Mat úttektaraðila grundvallast að miklu leyti á sjálfsmati FVA sem gert var í aðdraganda ytri úttektar. Til þess að vinna það mat völdu yfirstjórn skólans og verkefnisstjóri innra mats einstaklinga í tvo rýnihópa, níu skipuðu annan hópinn sem lagði mat á vísbendingar 1–46 en tíu hinn hópinn sem mat vísbendingar 31–78. Áhersla var lögð á að ná mikilli breidd með tilliti til aldurs, kyns og starfs. Það virðist hafa tekist því í hópunum voru nokkrir kennarar við skólann, stjórnendur (ekki skólameistari), háskólakennari og fyrrverandi nemandi FVA, leiðbeinandi og fyrrverandi nemandi FVA, fulltrúar atvinnulífsins, starfsmaður í mötuneyti FVA, fulltrúi í skólanefnd, formaður nemendafélagsins, umsjónarmaður húsnæðis og formaður foreldraráðs.

Athugasemdir rýnihópanna fylgja einkunnagjöf við einstakar vísbendingar, sérstaklega frá þeim hópi sem fjallaði um vísbendingar 1–46, og einnig koma fram athugasemdir stjórnenda við matið. Að þeim athugasemdum komu allir fjórir aðalstjórnendur skólans, þ.e. skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri. Til athugasemda rýnihópa og stjórnenda verður vitnað í seinni aðalkafla skýrslunnar eftir því sem við á.

Gagnaöflun úttektaraðila fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og þangað sóttar upplýsingar um skipulag hans og starfsemi. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólameistara, dags. 23. febrúar 2017 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega. Í þriðja lagi fóru úttektaraðilar í heimsókn í skólann dagana 3. og 4. apríl 2017. Markmiðið var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og voru þau öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda.

Viðtöl voru tekin við samtals 38 einstaklinga á vettvangi: Skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, formann skólanefndar og einn nefndarmann, fjármálastjóra, fulltrúa á skrifstofu, verkefnisstjóra innra mats, forstöðumann bókasafns, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa, deildarstjóra starfsbrautar, umsjónarmann fasteigna, matráð, vistarstjóra, jafnréttisfulltrúa, stjórn nemendafélags, félagsmála- og forvarnfulltrúa, fulltrúa úr stjórn foreldraráðs. Þá voru tekin rýniviðtöl við rýnihópa kennara og nemenda. Valið var með slembiúrtaki í rýnihóp kennara en leitað var eftir því við formann nemendafélagsins að

boða stjórn félagsins til viðræðna við úttektaraðila og jafnframt að annast myndun rýnihóps nemenda.

Þegar leið að lokum skýrslugerðarinnar áttu úttektaraðilar auk framangreindra viðtala símafund með Þorsteini Þorsteinssyni, fyrrverandi skólameistara Fjölbrotaskólans í Garðabæ, sem starfaði sem stjórnunarráðgjafi við FVA frá október 2015 til janúar 2016.

Niðurstöður úttektarinnar skiptast í tvo meginkafla. Í þeim fyrri er gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um FVA. Meðal annars er fjallað um fjölda nemenda og þróun aðsóknar að skólanum, samsetningu nemendahópsins, brotthvarf, námsbrautir og brautskráningu. Þá er fjallað um kennara skólans, fjölda þeirra, menntun, starfsmannaveltu og starfsaldur. Loks er greint frá því hvernig unnið hefur verið í ljósi markmiða sem fylgdu skólasamningi 2013–2016. Í síðari aðalkaflanum er mat úttektaraðila á þáttunum fimm, stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og aðbúnaði og lykilárangri. Matið er sett fram í formi greiningar á styrkleikum og tækifærum til umbóta á hverjum þætti um sig. Að auki er mat lagt á hversu vel fullyrðingar, sem settar eru fram af hálfu Menntamálastofnunar, eiga við í ólíkum viðföngum innan hvers þáttar. Hverri fullyrðingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða sem hér segir:

- A. *Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár*
- B. *Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá*
- C. *Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta*
- D. *Óviðunandi verklag, þarfnast gagnagerrar endurskoðunar*

Við framsetningu á mati þarf að hafa eftirfarandi í huga.

- Skáletraðir textar settir fram í römmum með gráleitum bakgrunni eru orðrétt viðmið sem koma frá Menntamálastofnun/mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Við mat á einstökum fullyrðingum eru þrenns konar merkingar notaðar:
 - X merkir að mat matsaðila í FVA og ytri matsaðila er samhljóða.
 - S merkir mat matsaðila í FVA þegar mat þeirra og ytri matsaðila fer ekki saman.
 - M merkir mat ytri matsaðila þegar mat þeirra og matsaðila í FVA fer ekki saman.

Í stöku tilvikum leggja úttektaraðilar ekki mat á tiltekna fullyrðingar og stendur þá S eitt við fullyrðinguna.

Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá.

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) fagnar 40 ára afmæli um þessar mundir en skólinn var stofnaður árið 1987 með undirritun samnings milli 32 sveitarfélaga á Vesturlandi og menntamálaráðuneytis um stofnun skólans. Byggt var á grunni Fjölbrautaskólans á Akranesi sem tók til starfa í september 1977 þegar Gagnfræðaskólinn á Akranesi og Iðnskólinn á Akranesi sameinuðust. Samningurinn frá 1987 hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina, m.a. vegna breytinga á lögum um framhaldsskóla. Hann var endurnýjaður í janúar 1992 og síðan endurskoðaður á ný 1997. Þá hafði sveitarfélögunum er upphaflega stóðu að skólanum fækkað vegna sameiningar úr 32 í 17. Síðan hafa sveitarfélög á Snæfellsnesi gengið úr samstarfinu með stofnun Fjölbrautaskóla Snæfellinga og enn fækkaði vegna sameiningar þegar samningurinn var endurnýjaður í maí 2011. Nú standa aðeins sex sveitarfélög að skólanum, þ.e. Akranes, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur og Hvalfjarðarsveit.

Stefna skólans er að veita nemendum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð, eins og segir í skólanámskrá, 15. útgáfu. Skólinn leggur áherslu á „að hver nemandi finni að velferð hans skiptir máli, kennurum og stjórnendum þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.“ Skólinn kostar kapps um „að bjóða nám á mörgum brautum sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir,“ segir í stefnu skólans.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum er varða nemendur, námsframboð, skólasókn, brautskráningar, kennara og markmið í viðauka við skólasamning. Upplýsingarnar byggjast einkum á gögnum frá skólameistara og efni sem finna má á vef skólans.

Nemendur

Allir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga kost á að hefja nám við FVA. Til að hefja nám á öðru hæfniprepi í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði þarf nemandi að hafa náð hæfni-einkunn B við lok grunnskóla eða að hafa lokið 1. þreps áfanga í þessum greinum. Nemendur sem náð hafa 18 ára aldri geta sótt um inngöngu á einstakar brautir þótt þeir uppfylli ekki kröfur um námsárangur við lok grunnskóla. Á sumar námsbrautir er aðeins hægt að taka við takmörkuðum nemendafjölda.


Síðastliðin fimm ár hefur aðsókn nýnema að skólanum verið nokkuð stöðug og jöfn. Að meðaltali hafa innritast um 114 nemendur úr 10. bekk á hverju vori (tafla 1).

Tafla 1. Innritun nýnema í FVA 2012–2016 úr 10. bekk.

Ár	Karlar		Konur		Samtals
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
2012	67	56,8	51	43,2	118
2013	61	53,0	54	47,0	115
2014	67	60,4	44	39,6	111
2015	49	45,4	59	54,6	108
2016	65	53,7	56	46,3	121

Mest er frávikið frá meðaltalinu í innritun nýnema úr 10. bekk árið 2016 og alla jafna eru það fleiri karlar en konur sem innritast í skólann.

Skólaárið 2016–2017 voru að meðaltali 402 nemendur skráðir í skólann en á síðastliðnum fimm árum hefur heldur dregið úr aðsókn (mynd 1).



Mynd 1. Nemendafjöldi FVA vor og haust 2012–2017.

Á árunum 2012–2016 voru nemendur flestir vorið 2012 en eftir það hefur þeim fækkað jafnt og þétt að undantekinni haustönn 2015 er nemendatalan fór í 490. Meginskýringar á fækkun nemenda má rekja til fjölmenns útskriftarhóps á haustönn 2016 og þá er fækkun sökum þriggja ára stúdentsnáms mikið til komin fram á vorönn 2017. Síðast en ekki síst var fæðingarargangur á Akranesi sem innritaðist í skólann haustið 2015 óvenju fámennur. Árgangarnir sem þar koma á eftir eru hins vegar fjölmennari ásamt því að nokkur fólksfjöldun á sér stað á Akranesi. Má því gera ráð fyrir stærri árgöngum við innritun í FVA á næstu árum.

Haustið 2016 og vorið 2017 voru um og yfir 95% dagskólanema af Vesturlandi, langflestir af Akranesi eða liðlega 83% hvora önn. Aðeins 17% nemenda áttu því heimilisfesti utan Akraness á því skólaári. Flestir nemenda skólans eru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og karlar eru nokkru fleiri en konur sem skýrist af ójafnri kynskiptingu í iðn- og verknámi skólans (tafla 2).

Tafla 2. Aldurssamsetning dagskólanemenda FVA skólaárið 2016–2017 eftir kynjum.

Haust 2016			Vor 2017		
Fæðingarár	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
2000	47	51	2000	46	50
1999	60	53	1999	59	50
1998	48	37	1998	45	33
1997	44	35	1997	32	11
1996	21	9	1996	13	3
1995	7	4	1995	5	5
1994	1	3	1994	1	0
1993	1	0	1993	1	1
1992	2	2	1992	1	0
1991	0	2	1991	2	0
1990	0	1	1990	0	1
1989 og fyrr	6	3	1989 og fyrr	6	1
Samtals	237	200	Samtals	211	155
%	54,2	45,8	%	57,7	42,3
Alls	437		Alls	366	

Til viðbótar dagskólanemendum stunda um 120–130 nemendur dreifnám við skólann, aðallega í verklegum greinum og sjúkraliðanámi. Í fylgiskjali með ársskýrslu FVA 2015 er

dreifnáminu lýst á þennan hátt: „Dreifnámsnemendur eru í fjarnámi en mæta í skólann nokkrum sinnum á önninni, gjarnan á kvöldin og um helgar. Þannig getur fólk sótt skóla en jafnframt stundað vinnu. Dreifnámið hefur einnig gert fólki sem býr utan Akraness mögulegt að ljúka námi þó það sé komið yfir hefðbundinn skólaaldur og sé í fullri vinnu í sinni heimabyggð.“ Dreifnámsnemar hafa þó nokkra mætingaskyldu. Mun fleiri karlar stunda það en konur og nemendur eru að jafnaði nokkru eldri en nemendur dagskólans (tafla 3).

Tafla 3. Fjöldi dreifnámsnemenda í FVA skólaárið 2016–2017 eftir kynjum og aldri.

Haust 2016			Vor 2017		
Fæðingarár	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
1996 og síðar	1	2	1996 og síðar	1	1
1991–1995	7	8	1991–1995	9	10
1986–1990	22	8	1986–1990	13	8
1981–1985	15	5	1981–1985	9	3
1976–1980	10	2	1976–1980	7	1
1971–1975	6	3	1971–1975	6	2
1966–1970	11	8	1966–1970	11	8
1961–1965	4	3	1961–1965	29	14
1960 og fyrr	3	2	1960 og fyrr	2	2
Samtals	79	41	Samtals	87	49
Alls	120		Alls	136	

Tveir af hverjum þremur dreifnámsnemum skólaárið 2016–2017 koma frá Akranesi og um 14% eru með heimilisfesti utan Vesturlands.

Námsbrautir

FVA býður nám á fjórum bóknámsbrautum til stúdentsprófs, fimm starfstengdum námsbrautum, brautabré (almenn námsbraut) og starfsbraut. Bóknámsbrautir skólans voru skráðar í námskrárgrunn árið 2015 og samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneyti í ársbyrjun 2016. Kennsla á brautunum er háð því að nægilega margir innritist á þær og því getur kennsla á einhverjum þeirra fallið niður einstaka skólaár. Verknámsbrautirnar hafa hins vegar ekki enn verið skráðar í námskrárgrunn, að húsasmíðabraut undanskilinni. Brautabré er fyrir nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á aðrar námsbrautir framhaldsskóla. Meginmarkmið brautarinnar er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum (íslensku og stærðfræði) og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni. Lögð er áhersla á að auka færni í samskiptum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Starfsbraut er ætluð nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla eða verið í sérdeild. Nám á starfsbraut er áætlað fjögur ár. Ekki liggur fyrir endanleg lýsing á námsbrautinni en námið er skipulagt í áföngum og er bæði bóklegt og starfstengt. Nemandi getur lagt stund á valda námsáfanga innan og utan starfsbrautarinnar, allt eftir þörfum hvers og eins. Þegar nemendur starfsbrautar taka áfanga af almennum námsbrautum býðst þeim stuðningsáfangi við námið sem starfsbrautarkennarar sinna.

Auk framangreindra námsbrauta býður skólinn upp á afreksíþróttasvið sem er samstarfsverkefni skólans, Íþróttabandalags Akraness og Akranesbæjar. Sviðið er fyrir nemendur sem hafa stundað afreksíþróttir í töluverðan tíma og vilja hafa aukið svigrúm til að stunda íþrótt sína samhliða námi. Á hverri önn fá nemendur fimm einingar fyrir þátttöku á afreksíþróttasviði og koma afreksáfangar í stað eininga í íþróttum og frjálsu vali á námsbrautum skólans. Skiptingin er þannig að fyrir hvern lokinn áfanga á afreksíþróttasviði fæst ein eining í íþróttum og fjórar í frjálsu vali.

Í gögnum frá skólameistara eru fleiri námsbrautir skráðar en tilgreindar eru í skólanámskrá en það á skýringu í því að skólinn hefur endurskilgreint bóknámsbrautir sínar og gert breytingar á námsframboði. Aðsókn á námsbrautir má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Aðsókn á námsbrautir FVA 2012–2016 eftir kynjum.

Námsbrautir	2012		2013		2014		2015		2016	
	kk	kv	kk	kv	kk	kv	kk	kv	kk	kv
<i>Sérnámsbrautir</i>										
Almennar námsbrautir	32	13	27	16	33	21	16	11	2	
Brautabré							16	11	20	6
Starfsbraut	6	1	10	2	13	4	12	7	12	8
Samtals	38	14	37	18	46	25	44	29	34	14
<i>Námsbrautir til stúdentsprófs</i>										
Félagsfræðabraut A	73	81	59	96	66	80	48	58	17	32
Félagsfræðabraut B							5	9	27	36
Náttúrufræðabraut A	54	57	54	58	58	53	45	31	14	17
Náttúrufræðabraut B							19	21	33	46
Opin stúdentsbraut							10	15	22	33
Viðbótarnám til stúdentsprófs	12	3	10	2	5	1	7	1	7	1
Viðskiptabraut	4	1	5		2	1	2	1	1	
Samtals	143	142	128	156	131	135	136	136	121	165
<i>Iðn- og starfsnámsbrautir</i>										
Grunnn. bygginga- og mannvirkjagr.	1				7		16	2	8	3
Grunnnám rafiðna	33	4	35	2	29	1	42	2	26	2
Húsasmíði	4		6		8		13	1	6	
Meistaránám byggingaiðna	11	22		2	4	16	5	10	1	8
Grunnnám málmíðna	31	1	37	2	24	1	25	4	26	5
Annað nám, almenn braut	16	14	14	17	10	7	4	2	1	
Rafvirkjun	6				9		7	1	19	
Rafvirkjun (samningsbundið)	1								2	
Vélvirkjun	1		5		4	3	9	2	5	
Samtals	104	41	97	23	95	28	121	24	94	18
Alls	285	197	262	197	272	188	301	189	249	197

Í töflu 4 má sjá að verulegur munur er á aðsókn kynjanna að námsbrautum skólans. Karlar eru mun fleiri á sérnámsbrautum og iðn- og starfsnámsbrautum en konur en þær eru heldur fleiri á stúdentsprófsbrautum á árabílinu sem til skoðunar er.

Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum 2013–2016

Á árabílinu 2013–2016 voru 443 nemendur brautskráðir frá FVA af fjórtán skilgreindum námsbrautum. Inni í þeim tölum eru ekki nemendur úr grunndeildum, af almennum brautum ellegar brautabré (tafla 5).

Tafla 5. Fjöldi brautskráðra úr FVA eftir námsbrautum vor og haust 2013–2016.

Námsbrautir	2013		2014		2015		2016		Samtals
	V	H	V	H	V	H	V	H	
<i>Bóknámsbrautir</i>									
Félagsfræðabraut A	21	13	16	18	15	20	7	16	126
Félagsfræðabraut B								5	5
Náttúrufræðabraut A	6	11	10	16	5	20	6	12	86
Náttúrufræðabraut B								4	4
Viðbótarnám til stúdentsprófs	7	5	11	3	4	6	6	4	46
Samtals	34	29	37	37	24	46	19	41	267
<i>Starfs- og iðnnámsbrautir</i>									
Húsasmíði (HÚ8)	2		2	8	3	2	11	3	31
Meistaránám byggingariðna	5	6	3	4	2	2	1	2	25
Meistaránám rafiðna					1				1
Rafvirkjun	1	2	3	6	2	6		7	27
Rafvirkjun samningsbundin	1		1		1				3
Sjúkraliðabraut			1	26	5	1	1		34
ST4			2		3		3		8
VH	3	1							4
Vélvirkjun (VS8)	4	1	9	7	14	5	1	2	43
Samtals	16	10	21	51	31	16	17	14	176
Alls	50	39	58	88	55	62	36	55	443

Sex af hverjum tíu sem brautskráðust frá FVA á árabílinu 2013–2016 brautskráðust af bóknámsbrautum til stúdentsprófs og fjórir af hverjum tíu af starfs- og iðnnámsbrautum. Flestir stúdentar brautskráðust af félagsfræðabrautum eða 131 og 90 af náttúrufræðabrautum. Tæp 25% þeirra sem brautskráðust á árabílinu af starfs- og iðnnámsbrautum skólans voru vélvirkjar og 19% sjúkraliðar.

Námstími við brautskráningu

Nemendur sem brautskráðust af stúdentsprófsbrautum á árabílinu 2012–2016 voru að meðaltali 8,5 annir að ljúka námi sínu. Nemendur af starfs- og iðnnámsbrautum voru eilítið skemur að ljúka námi sínu eða að meðaltali 8,3 annir (tafla 6).

Tafla 6. Námstími við brautskráningu eftir námsbrautum vor og haust 2012–2016.

Námsbrautir	2012 V	2012 H	2013 V	2013 H	2014 V	2014 H	2015 V	2015 H	2016 V	2016 H	Meðaltal
Bókn. til stúdentspr.	8,5	9,7	8,6	8,1	8,6	7,9	9	7,5	8,4	8,4	8,5
Félagsfræðabr.	9,2	8,3	9,6	8,6	8,9	7,6	9,4	7,4	8,1	7,0	8,4
Náttúrufræðabr.	8,1	8,2	7	7	7,3	7,2	8,4	7	7,3	7,3	7,5
Málabraut	8	10	7,8	8	8	6,8	6,7	7,7	8	7,7	7,9
Viðbótarnám	8,7	12,1	10	8,6	10,2	10	11,5	7,8	10	12	10,1
Starfs- og iðnnám	8,8	10,4	9,2	9,0	7,4	8,6	7,6	6,6	7,4	8,3	8,3
Grunnnám iðngr.	5	12			11,3	9			8,3	7,5	8,9
Húsasmíði	9,6	12,0	7,0		4,0	6,0	3,7	3,5	8,5	6,7	6,8
Rafvirkjun	12	11,1	8	11	8	10,2	7,7	10,8		9,9	9,9
Vélvirkjun	8,5	6,7	12,5	7,0	9,6	9,6	10,4	9,0	9,0	9,0	9,1
Sjúkraliðabraut					4	8,3	8,6	3	4		5,6

Mætingar og brotthvarf úr skóla

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir skólasóknarreglum og þar segir að nemendur skuli sækja allar kennslustundir samkvæmt stundatöflu og koma stundvíslega til kennslu. Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram í kennsluáætlun getur nemandi átt von á því að vera skráður úr áfanga án fyrirvara ef fjarvistir eru fleiri en sem svarar kennslu í eina og hálfu viku. Einkunn er gefin fyrir skólasókn. Nemandi sem nær 9–10 í skólasóknareinkunn fær eina einingu á fyrsta þrepi sem færð er inn á námsferil hans við lok annar. Sé skólasóknareinkunn lægri en 5 á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn.

Þrátt fyrir skýrar skólasóknarreglur var talsvert um fjarvistir á árinu 2016 (tafla 7).

Tafla 7. Skólasókn í FVA vor og haust 2016.

	Vor	Haust
Veikindi	6,0%	6,2%
Of seint	1%	1,1%
Leyfi	1,7%	1,5%
Skróp	7,4%	7,0%

Að jafnaði eru mætingar góðar í verknámi en lakari í bóknámsáföngum. Nemendur eru sagðir vel meðvitaðir fyrstu tvær til þrjár annirnar um að mæta vel en eftir það sígur á ógæfuhlið og skólasókn daprast hjá ákveðnum hópi nemenda. Ein möguleg skýring er sú að foreldrar hafa ekki aðgang að fjarvistaskráningu eftir 18 ára aldur er nemendur verða lögráða.

Umtalsverður árangur virðist hins vegar hafa náðst í að sporna við brotthvarfi úr skólanum á liðnum árum og fá dæmi voru um það skólaárið 2016–2017 að nemandi hætti sökum fjarvista. Við útreikning á brotthvarfi eru teknir allir nemendur sem hætta alveg námi að viðbættum þeim sem hætta í stökum áföngum og er deilt í fjölda þeirra með 5 til að búa til nemendaígildi. Hlutfallstalan er svo reiknuð út eftir töflubreytingar (tafla 8).

Tafla 8. Brotthvarf úr FVA haust og vor 2012–2016.

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal %
2012	8,2	7,6	7,9
2013	4,4	6,6	5,5
2014	4,4	6	5,2
2015	3,9	3,5	3,7
2016	2,7	2,7	2,7

Árið 2012 hurfu að meðaltali 7,9% nemenda frá námi við skólann en árið 2016 var þetta hlutfall komið niður í 2,7%. Til að ná þessum árangri hefur skólinn tekið á ýmsum málum, s.s. veikindum starfsmanna og nemenda, náms- og starfsráðgjöf hefur verið eflað og unnið er markvissara með brotthvarfskönnun meðal nýnema. Stuðningsteymi og stjórnendur hafa einnig unnið skipulega að bættum aga nemenda.

Fjöldi og stöðugildi kennara og annars starfsfólks að vori 2017

Alls eru starfsmenn FVA 63 í 53 stöðugildum við skólann. Konur eru í meirihluta eða 39 í 32,9 stöðugildum (tafla 9).

Tafla 9. Fjöldi og stöðugildi starfsfólks FVA eftir kynjum að vori 2017.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari			1	1
Aðstoðarskólameistari			1	1
Áfangastjóri			1	1
Fjármálastjóri			1	1
Framhaldsskólakennarar	19	16	19	16,9
Leiðbeinendur	2	1,62	1	1
Kerfisfræðingur			1	1
Náms- og starfsráðgjafar	1	1	1	0,25
Bókavörður			1	1
Umsjónarmaður fasteigna	1	1		
Stuðningsfulltrúi			1	1
Ræstitækna	1	0,5	3	1,5
Skólahjúkrun			1	0,25
Skrifstofa			2	1,5
Matráður			1	1
Starfsmenn mötuneytis			2	1,25
Heimavistarstjóri			1	1
Vaktmaður á heimavist			1	0,23
Samtals	24	20,12	39	32,88

Til viðbótar við fjölda ræstitækna eru tveir starfsmenn verktaka í 100% starfi eftir að breytingar voru gerðar á ræstingu skólans og þær boðnar út.

Menntun kennara

Að langstærstum hluta er kennarahópur skólans með full kennsluréttindi og kennir að mestu leyti í þeim greinum sem hann er menntaður til. 43% hópsins hafa lokið meistaraprófi auk kennsluréttinda og 33% BA/BS-prófi auk kennsluréttinda (tafla 10).

Tafla 10. Menntun kennara FVA 2016–2017.

Menntun	Fjöldi	%
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	18	42,9
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	14	33,3
Önnur menntun auk kennsluréttinda	7	16,7
Háskólapróf án kennsluréttinda	2	4,8
Önnur menntun án kennsluréttinda	1	2,4
Samtals	42	100

Enginn kennaranna hefur lokið doktorsprófi og þrír eru án kennsluréttinda.

Starfsaldur og starfsmannavelta

Meðalstarfsaldur kennara við skólann er 12,5 ár. Frá 1. febrúar 2012 til 1. febrúar 2017 sögðu þrettán starfsmenn upp við skólann. Þar af voru einungis tveir kennarar en aðrir úr hópi annarra starfsmanna. Þrátt fyrir fækkun nemenda hefur ekki komið til uppsagna kennara en hjá tveimur þeirra hefur starfshlutfall minnkað.

Forfallakennsla

Á haustönn 2016 voru kennarar fjarverandi í samtals 372 kennslustundir. Í 14 þeirra voru kennarar á ferð á vegum skólans, í 32 var um leyfi að ræða, í 24 voru kennarar á námskeiðum

en í öðrum tilfellum var um veikindi að ræða. Í 27 kennslustundum var veitt forfallakennsla og voru það yfirleitt stjórnendur sem tóku hana að sér eða kennarar kenndu skiptikennslu hver fyrir annan.

Árlegur kennslutími

Skólaárið 2015–2016 hófst kennsla samkvæmt stundaskrá 19. ágúst og lauk 3. desember. Á vorönn hófst kennsla 5. janúar og lauk 6. maí. Kennsludagar voru alls 155 samkvæmt skóladagatali. Námsmatsdagar voru ellefu á haustönn og tólf á vorönn.

Skólaárið 2016–2017 hófst kennsla á haustönn 18. ágúst og lauk 6. desember. Kennsla hófst aftur 5. janúar og er áformað að henni ljúki 10. maí. Alls verða því kennsludagar 159 á skólaárinu. Námsmatsdagar á hvorri önn eru ellefu.

Úttekt árið 2012

Ytri úttekt var gerð á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands árið 2012 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar voru dregin fram tíu meginatriði sem skýrsluhöfundar töldu að þyrfti sérstaklega að huga að innan stofnunarinnar. Atli Harðarson, þáverandi skólameistari, brást við með ítarlegri greinargerð sem dagsett er í september 2012 og þremur árum síðar lagði Þorsteinn Þorsteinsson, þá stjórnunarráðgjafi við FVA, mat á þessa tíu þætti í greinargerð til ráðuneytisins sem dagsett er í janúar 2016. Að hans mati var þá búið að bregðast við þremur til fjórum atriðanna með fullnægjandi hætti, fjórum hafði ekki verið sinnt að neinu marki en unnið hafði verið að þeim sem út af standa þó einstökum atriðum væri ekki lokið. Það er mat höfunda þessarar skýrslu að talsvert hafi áunnist frá því Þorsteinn vann sína greinargerð. Má þar nefna að þótt ekki hafi verið unnin framtíðarstefna fyrir bókasafn skólans er skólinn í samstarfi við bæjarbókasafnið á Akranesi sem byggist á þjónustu bókasafnsfræðings frá bæjarbókasafninu þegar á þarf að halda og bókasafn skólans hefur verið tengt landskerfi bókasafna (Gegni). Þá hefur verið komið á nokkru samstarfi stjórnenda framhaldsskóla á Vesturlandi. Þeir hittast reglulega og fara yfir hvernig auðvelda megi nemendum að fara á milli skóla og sameiginlegur fræðslufundur/samstarfsdagur kennara í skólunum þremur hefur verið skipulagður. Stefnt er að því að kennarar og annað starfsfólk skólanna þriggja hittist reglulega.

Markmið í viðauka með skólasamningi 2015–2019

Í viðauka með skólasamningi 2015–2019 er tilgreindur nokkur fjöldi markmiða sem skólinn hyggst vinna að á samningstímanum (tafla 10).

Tafla 11. Staða markmiða í viðauka með skólasamningi 2015–2019.

Markmið	Lokið	Í vinnslu	Ólokið
Treysta, í samvinnu við sveitarstjórnir, samráðsvettvang við iðnfyrirtæki á svæðinu. Kynna starfsgreinar og einstök fyrirtæki árið 2015.		X	
Áframhaldandi þátttaka í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum á svæði skólans. Slíkt framboð menntunar verði ákveðið í upphafi hvernna annar.		X	
Vinna að því að tengja kennslu á skólaárinu 2015–2016 við starf Fab-Lab.	X		
Bjóða upp á valáfanga haust 2015 þar sem áherslan verður á sköpun nemenda tengdri vinnu í Fab-Lab smiðjunni.	X		
Hafa samstarf við Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað um afrekssvið íþróttavæðingar við skólann og Tónlistarskóla Akraness varðandi listasvið á bóknámsbraut.	X		
Útfæra stefnu og markmið sem falla undir grunnþætti menntunar. Unnið markvisst að því að flétta einn grunnþátt á hverri önn inn í allt skólastarf.	X		
Fullvinna nýjar bóknámsbrautir í samræmi við aðalnámskrá frá 2011 fyrir árslok 2015.	X		
Vinna að því að móta mælikvarða til að meta framkvæmd á stefnu og markmiðum skólans í skólanámskrá. Stefnt að því að þeirri vinnu verði lokið á haustönn 2016.		X	
Tengja sjálfsmatskerfi skólans við markmið sem falla undir grunnþætti menntunar og önnur markmið og mælikvarða sem getið er um í skólanámskrá. Þessari vinnu verði lokið á vorönn 2016.		X	
Sækja grunnskóla á Vesturlandi heim, með áherslu á kynningu á iðn- og verknað. Vinna að hugmyndum um hvernig betur má ná til foreldra/forráðamanna um námsval nemenda og hvernig betur má ná til fullorðinna einstaklinga í iðn- og starfsnámi varðandi nám með vinnu, eftir því sem reglugerð um innritun leyfir.	X		
Kanna áhuga nemenda í samvinnu við grunnskóla á svæðinu.			X

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Viðmiðanir: Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunnildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónusta, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í víðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólafestefnu.		X		
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		M	S	
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		X		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S	M		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.			X	

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.		X		
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.		X		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		X		
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.		X		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	X			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.		X		
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.		X		
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.			M	S

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.			X	
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.		X		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	S	M		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	X			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		X		

Páttur 2: Kennsla og námsframboð

Viðmiðanir: Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	S	M		
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.		X		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.		X		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.		X		
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.		X		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.		X		
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		X		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		X		

2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		X		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	X			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólasterfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	S	M		
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.		X		
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.			X	

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.		S	M	
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.		M	S	
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.		X		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			X	

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		X		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S	M		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.		X		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.		M	S	
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.		X		
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	X			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Viðmiðanir: Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	X			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	X			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.		X		

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að hjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	X			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		X		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		M	S	

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir nemendur.		X		
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	S	M		
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	X			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	S	M		

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	X			
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.		M	S	
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.		X		

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða prepi í framhaldsskólalæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.			M	S
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		S	M	
59. Skráð og virk tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.		X		

Páttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Viðmiðanir: Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	M	S		
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	X			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.	X			
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.	X			
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	X			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	X			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		X		

Páttur 5: Lykilárangur

Viðmiðanir: Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		X		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		X		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	M	S		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.			S	
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.		S		
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.		X		
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	X			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.			S	
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.			S	

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans ná að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma. Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.				X
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.		X		
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.		X		

Viðauki

Umsögn ytri matsaðila um stjórnun og skipulag (styrkleikar/veikleikar)

Áður en tekið verður til við að ræða um mat á stjórnun og skipulagi í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi er rétt að rifja upp að erfitt andrúmsloft hefur verið í skólanum síðustu ár sem rekja má til þess að Atli Harðarson skólameistari fékk lausn frá starfi 15. september 2014. Staða hans var auglýst laus til umsóknar og í hans stað var ráðin Ágústa Elín Ingbórsdóttir frá 1. janúar 2015. Í kjölfarið tók að bera á samskiptaerfiðleikum innan skóla sem stigmögnuðust fram á haust það ár og náðu vissum hápunkti er nýráðnum aðstoðarskólameistara var sagt upp starfi í októberbyrjun 2015. Í framhaldi af því óskuðu liðlega þrjátíu kennarar eftir fundi með menntamálaráðherra vegna ástandsins og fóru fram á að tekin yrðu sálfræðiviðtöl við alla starfsmenn FVA og gerð úttekt á líðan þeirra. Skólanefnd blandaði sér einnig í málið og óskaði liðsinnis ráðuneytisins til þess að leysa úr vandanum. Fleiri létu sig málið varða, s.s. Kennarasamband Íslands, Verkalýðsfélag Akraness og millistjórnendur í FVA og brigslýrði gengu aðila í milli.

Í baksýn þessara atburða ber að minnast þess að FVA hafði glímt við fjárhagserfiðleika um árabíl þegar nýr skólameistari tók við starfi og meðal fyrstu verka Ágústu Elínar var að leita leiða til þess að greiða niður uppsafnaðan halla skólans sem nam 21,9 milljónum króna. Meðal aðgerða sem gripið var til var að segja upp uppmælingu í ræstingum skólans og ráða umsjónarfólk samkvæmt öðru fyrirkomulagi líkt og í nær öllum öðrum framhaldsskólum og ríkisstofnunum. Tveir eldri ræstitæknar voru endurráðnir og annar þeirra settur ræstingastjóri, tveir nýir ræstitæknar ráðnir og hluti ræstinga settur í hendur ræstingafyrirtækis. Í annan stað var dregið verulega úr kennsluþvinnu frá og með haustönn 2015 en samkvæmt gögnum frá efnahags- og fjármálaráðuneyti höfðu kennarar FVA haft einna hæst heildarlaun framhaldsskólakennara um árabíl. Hvorug þessara ráðstafana var líkleg til þess að auka vinsældir skólameistara en árangurinn lét ekki á sér standa og í árslok 2015 hafði uppsafnaður rekstrarhalli skólans verið að fullu greiddur upp og eigið fé jákvætt um tæpar fimm milljónir króna. Fjárhagsstaða skólans batnaði enn frekar á árinu 2016, þá var reksturinn jákvæður um 31,0 millj. kr. og höfuðstóll skólans var 36,0 millj. kr. í árslok 2016.

Umrótið í FVA haustið 2015 átti sér fá fordæmi og ráðuneytið brást við með tvennum hætti. Annars vegar með því að setja á laggirnar tímabundið starf stjórnunarráðgjafa við FVA sem skyldi vera skólameistara til ráðgjafar við úrlausn á samskiptavandanum innan skólans. Þessi ráðgjafi tók til starfa í októberlok 2015 og fékk aðstöðu í stjórnunarrými FVA. Ítarleg lokaskýrsla hans er dagsett 29. janúar 2016. Hin aðgerð ráðuneytisins var að leita til utanaðkomandi aðila um að gera „vinnusálfræðilega úttekt á ágreiningsmálum“ og var honum falið að framkvæma „úttekt á aðstæðum, starfsanda og samskiptum með það að markmiði að leita leiða til úrbóta og sáttu meðal starfsmanna og stjórnenda.“ Niðurstöður þeirrar úttektar lágu fyrir í febrúar 2016.

Þrátt fyrir margvíslega ráðgjöf um aðgerðir og umbótaáætlun í mars 2016 tókst ekki að lægja öldur og eftirfylgniúttekt fór fram á vegum ráðuneytisins í nóvember. Skýrsla um úttektina er dagsett mánuði síðar, í desember 2016. Í henni eru settar fram ellefu umbótatillögur en jafnframt tekið fram að starfsandi innan skóla sé betri en áður.

Næsta skref var það að ráðuneytið skrifaði Fjölbrautaskóla Vesturlands bréf, dags. 11. janúar 2017, og fór þess á leit við „skólastjórnendur, starfsmenn skólans og skólanefnd“ að kynna sér eftirfylgniskýrsluna vel. Jafnframt kynnti ráðuneytið skólanum að röðin væri komin að annari ytri úttekt í framhaldi af þeirri sem gerð var á FVA vorið 2012. Í lok bréfs síns segir ráðuneytið að það muni að þeirri úttekt lokinni „óska eftir tímasettri umbótaáætlun fyrir báðar úttektirnar.“

Það var við þessar aðstæður sem sjálfsmat FVA fór fram í febrúar 2017 og í kjölfarið fóru ytri matsaðilar í heimsókn í skólann í aprílbyrjun sama ár. Af sjálfu leiðir að deilur undanfarinna

missera höfðu áhrif á sjálfsmatsvinnuna og þær bar óhjákvæmilega á góma í sumum viðtalanna sem tekin voru. Ytri matsaðilar eru sér vel vitandi um það sem á undan hafði gengið en kappkosta í mati sínu að líta eftir því sem kostur er framhjá þeirri sögu þótt þeir telji nauðsynlegt að draga meginlínur hennar fram hér.

Áður en lengra er haldið vilja ytri matsaðilar loks vekja athygli á því að þrír af fjórum yfirstjórnendum FVA tóku þátt í starfi sjálfsmatshópanna tveggja eins og greint er frá í inngangi þessarar skýrslu. Að sögn skólameistara áttu þessir sömu millistjórnendur aðild með honum að þeim athugasemdum stjórnenda sem sums staðar eru gerðar í sjálfsmatsskýrslunni. Að því leyti til sátu þeir beggja vegna borðsins en ómögulegt er að segja til um hvort eða hvaða áhrif sú tvíþætta þátttaka þeirra hafði á niðurstöður matsins og athugasemdirnar sem því fylgja.

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og þeirra hlutverka sem þar eru skilgreind. Skólinn hefur sett sér stefnu sem birt er fremst í nýrri skólanámskrá frá árinu 2016. Þar segir:

Stefna Fjölbrautaskóla Vesturlands er að

- I. Veita öllum nemendum sínum góða menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð.
- II. Vera umhyggjusamur um velferð nemenda sinna og stuðla að heilbrigðum lífsháttum.
- III. Bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

Til að þessi markmið náist leggur skólinn áherslu á:

- a. Að hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.
- b. Að bjóða nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.
- c. Að skólareglur stuðli að árangursríku námi, gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks og hvetji til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.
- d. Að kennarar veiti nemendum skýrar upplýsingar um námsmarkmið og námskröfur og hvetji alla nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluáðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum
- e. Grunnþætti menntunar sem lýst er í *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*. Þeir eru: 1) læsi, 2) sköpun, 3) sjálfbærni, 4) heilbrigði og velferð, 5) jafnrétti, 6) lýðræði og mannréttindi. Fræðslu um þá er fléttað saman við kennslu margra námsgreina og fyrir hvern þeirra er boðið upp á einn eða fleiri áfanga þar sem hann er í fyrirrúmi. Jafnframt er leitast við að vekja bæði nemendur og starfsfólk til umhugsunar og samræðu um grunnildi skólastarfsins (bls. 7).

Síðan er því lýst hvað skólinn hugsar sér að gera til að starfa í anda grunnþáttanna sjö og verður síðar til þeirra atriða vísað þegar kemur að umfjöllun um vísbendingar 70–75.

Í fyrsta kafla skólanámskrárinnar eru einnig birtar móttökuáætlanir fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, nemendur með námserfiðleika og fyrir fatlaða nemendur. Þeim til viðbótar eru í sama kafla öryggisáætlun og áfallaáætlun, sagt er frá viðbrögðum við einelti og minnst á rýmingaráætlun og viðbrögð við vá. Þessar áætlanir eru allar mjög knappar að efni en ekki verður annað séð en FVA hafi skýra sýn og stefnu hvað varðar meginhlutverk skólans, þ.e. nám og kennslu.

Í athugasemdum stjórnenda við sjálfsmat skólans segir að framkvæmd stefnumiða hans megi meðal annars sjá

í námsbrauta- og áfangalýsingum og uppbyggingu kennslukannana, fjölbreyttu námsframboði bæði í bók- og verknámi, þátttöku skólans í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli, samstarfsverkefni við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um skólahjúkrun og verkefnahópi um heilsueflingu sem er starfandi innan skólans. Skólinn er með jafnréttisstefnu og áætlun. Þjóðfundir og skólafundir


haldnir 1–2 á ári. Virkt starf félagslífs- og forvarnafulltrúa. Stefnt er að nýju 5 ára stefnuskjali skólans, sem unnið verður innan gæðaráðs ásamt öðrum gæðamálum. Nefnd um endurskoðun skólanámskrár er í gangi auk starfshóps um fjölbreytta kennsluhætti.

Á heimasíðu skólans, sem er ágætlega skipulögð og auðvelt að sækja þangað upplýsingar, er gerð grein fyrir innri byggingu og stjórnýslu stofnunarinnar. Innra skipulag virðist í föstum skorðum og allar starfslýsingar eru aðgengilegar. Þær afmarka helstu verk- og ábyrgðarsvið en flestum millistjórnendum þykja hlutverk og verkaskipting óskýr á grunni þeirra. – Rétt er að taka fram að vorið 2017 voru settar inn nýjar starfslýsingar á heimasíðu FVA en engin vitneskja er um hvernig þær munu falla starfsmönnum.

Skipurit FVA (mynd 2) ætti að endurspegla hlutverkaskipan innan skólans en það er á ýmsan hátt ólíkt skipuritu í öðrum framhaldsskólum. Það veitir fyrir það fyrsta engar upplýsingar um hverjir skipa yfirstjórn skólans og jafnsetur t.d. umsjónarmann húsnæðis og aðstoðarskólameistara. Það gefur til kynna að fjármálastjóri hafi yfir deildarstjórum að segja og þeir virðast vera millistjórnendur samkvæmt ritinu en eru það ekki í raun. Þá hefur skipuritið ekki verið uppfært á þann veg að það sýni að umsjónarmaður húsnæðis er nú jafnframt innkaupastjóri skólans. Skipuritinu er ekki skýrt deilt niður á kennslu- og þjónustusvið þótt eyða nálægt miðju þess gefi þá skiptingu í skyn. Skólanefnd og skólaráð eiga að vera í svona skipuriti en er þar hvergi að sjá. Sama er um mennta- og menningarmálaráðherra sem eðlilegt er að hafa með í skipulagi þeirra stofnana sem undir hann heyra.

Í athugasemdum stjórnenda við vísbendingu 11 segir að framundan séu fyrirsjáanlegar breytingar á skipuritinu en þær eru ekki útfærðar. – Að sögn skólameistara verður unnið nýtt skipurit í kjölfar birtingar nýrra starfslýsinga.

Skipurit Fjölbrotaskóla Vesturlands



Mynd 2. Skipurit FVA.

Skólameistari er mjög ánægður með stjórnunarteymið sem er skipað aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og fjármálastjóra auk hans. Samvinna þess er með ágætum og það tekur allar stærri ákvarðanir sameiginlega. Skólameistari segir einnig að samvinna og samstarf á faglegum grunni innan skóla sé tekin að aukast eftir erfiða tíma en á stundum þurfi að leita til sérfræðinga út fyrir vegg skólans. Hann skrifar vikulega pistla til starfsmanna um það sem er að gerast hverju sinni.

Ágreiningur er innan FVA um faglega forystu skólameistara og er það í samræmi við önnur gögn sem fyrir liggja frá síðustu misserum og áður er sagt frá. Í athugasemdum rýnihópsins sem vann að vísbendingum 6–10 kemur þetta vel fram því þar segir:

- Faglegt leiðtogahlutverk þar sem skólastjóri leiðir breytingar mætti bæta. Hins vegar vinna stjórnendur vel saman sem teymi. Skólastjóri hefur þurft að vinna undir miklu álagi á fyrstu árum sínum í starfi.

- Almennt má segja að hópur starfsmanna sé nokkuð skiptur þegar kemur að trausti til stjórnenda. Að hluta til má rekja þetta til þeirra breytinga sem eiga sér stað í skólanum.
- Ljóst er að viðamiklar breytingar eiga sér stað í stefnumótun og regluverki. Ákveðinnar tortryggni gætir enn í garð stjórnenda. Þó virðist sem vinna við stefnumótun sé að verða kerfisbundin með þátttöku margra.
- Samstarf við foreldra hefur verið lítið. Þó er starfandi foreldrafélag. Nemendur vinna í hópum á þjóðfundum og skólafundir vinna áfram að svipuðum málum. Þessir fundir hafa vægi og gefa nemendum kost á að vinna að málefnum skólans.
- Stjórnendur leggja sig fram við að byggja upp traust á ákveðnum vettvangi. Eftir sem áður verða árekstrar milli einstaka starfsmanna og stjórnenda.

Skólanefnd fundar að meðaltali tvisvar sinnum á önn. Fundargerðir hennar eru birtar á heimasíðu FVA, sú síðasta er dagsett 9. september 2016. Í samtölum við skólameistara og fulltrúa í skólanefnd kom fram að augljós núningur er á milli formanns nefndarinnar og skólameistara, sem endurspeglar þó ekki afstöðu allrar nefndarinnar eins og úttektarmenn komust að raun um í viðtölum.

Ársskýrslur skólameistara um skólastarfið koma út reglulega og eru birtar á heimasíðu FVA. Framsetning þeirra er skýr og þær veita mikilvægar upplýsingar um lykiltölur og ýmsa aðra þætti skólastarfsins.

Í árlegri könnun SFR stéttarfélags í almannapjónustu um Stofnun ársins varð FVA í næstsíðasta sæti árið 2017 af 85 stofnunum með fleiri en fimmtíu starfsmenn með einkunnina 3,40. Í þeirri könnun er spurt um níu þætti. Af þeim fékk sjálfstæði í starfi hæsta einkunn, 4,04, en launakjör þá lægstu, 2,27. Stjórnun fékk 3,30, starfsandi 3,49, vinnuskilyrði 3,70, sveigjanleiki í vinnu 3,58, ímynd stofnunar 3,34, ánægja og stolt 3,43 og jafnrétti 3,51. Í öllum tilvikum voru svör starfsmanna FVA undir meðaltali stofnana í þessum stærðarflokki, oftast langt undir. Vert er að benda á í þessu samhengi að mikill munur reyndist vera á svörum starfsmanna FVA, þ.e. staðalfrávik var hátt (svör röðuðust við jaðrana – ýmist mjög hátt eða mjög lágt). Svarhlutfall var 60–69%. Á árinu 2016 var svarhlutfall starfsmanna það lágt í könnuninni að niðurstöður voru ekki birtar.

Sjálfsmat hefur lengi verið reglubundið í FVA og því til viðbótar er nýlega farið að nota Skólapiðlsinn (sjá nánar í kaflanum um samskipti og líðan). Síðasta sjálfsmatskýrslan tekur til starfsemi skólans á haustönn 2015. Í henni er birt sjálfsmatsáætlun 2011–2019 sem sýnir vel hver viðfangsefnin eru og hvað er kannað hverju sinni. Grunni og aðferðafræði matsins er lýst í *Verk- og framkvæmdaáætlun um sjálfsmat* frá hausti 2006 en að sögn skólameistara er nýtt matsumhverfi í mótun sem kemur til með að lúta leiðsögn gæðaráðs og nýráðnum verkefnisstjóra þess. Drög að gæðahandbók eru sögð liggja fyrir og þar er ætlunin að setja fram verklýsingar og skilgreina ferla í gæðastarfinu.

Aðstoðarskólameistari annast kennslumat sem er lagt fyrir á hverri önn og nær til um sjötta hluta kennara hverju sinni. Samantekt um matið birtist síðast á vorönn 2012. Kannanir meðal starfsmanna á starfsanda og vinnuumhverfi voru gerðar nokkuð reglulega á árunum 2003–2014 en voru eftir það þrengdar niður í að skoða vinnuumhverfi í deildum um leið og tekin var ákvörðun um að nota SFR könnunina í stað könnunar um samskipti á vinnustað. Samantekt um niðurstöður tímabilsins 2003–2014 voru birtar í síðustu sjálfsmatskýrslu og þar kemur fram að svarhlutfall var aðeins 56% árið 2014. Svo lágt svarhlutfall er í skýrslunni talið stafa af verkfalli framhaldsskólakennara er stóð yfir á meðan könnunin var gerð. Hvers vegna sú tímasetning var valin kemur hins vegar ekki fram. Framsetning niðurstaðna er með þeim hætti að tekið er saman svarhlutfall þeirra sem merktu við jákvæðu svarmöguleikana „Mjög sammála“ eða „Fremur sammála“. Hvorki eru sett fram viðmið um það hvað sé ásættanleg niðurstaða né heldur eru skilgreind viðbrögð við niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

„Mat á aðstöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum“ var að sögn skólameistara síðast gert á haustönn 2016. Niðurstöður þess mats hafa ekki verið

birtar en í sjálfsmatsskýrslu 2015 segir frá samsvarandi mati frá árinu 2013. Það fór þannig fram að fagkennarahópar ræddu nokkrar samræmdar spurningar undir stjórn deildarstjóra og skiluðu skriflegum svörum til stjórnenda. Meðal helstu niðurstaðna var að „veruleg vöntun er á góðu kennsluefni og flestar deildir vilja fá fleiri valáfanga á sínu sviði. Allar deildir, fyrir utan málmíðngreinar, voru nokkuð sáttar við aðbúnað sinn.“

Aðrir þættir sem metnir voru á árunum 2013–2014 voru húsnæði, þjónusta skrifstofu, þjónusta og aðgengi að stjórnendum, þjónusta mótuneytis, bókasafns, tölvukerfis og tölvuþjónustu ásamt aðbúnaði á heimavist. Í svörum við öllum þessum liðum er greint frá helstu niðurstöðum, greindir styrkleikar og veikleikar og sagt frá því hvort ástæða sé til sérstakra viðbragða í framhaldi af matinu.

Nokkuð er fjallað um námsárangur og skólasókn í matsskýrslunni frá haustönn 2015 og birtar tölulegar upplýsingar, m.a. um skólasókn og brottfall. Fram kemur að mikill tími „stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa fer í að eltas við nemendur sem mæta illa.“

Síðasti kafli skýrslunnar frá 2015 (að frátöldum lokaorðum) fjallar um hversu vel hafi gengið að uppfylla markmið sem talin eru upp í viðauka með gildandi skólasamningi.

Í rýnivíðtali við ábyrgðaraðila sjálfsmatsins kom fram að framundan er að gera foreldra-könnun meðal nýnema og nota til þess forritið SurveyMonkey. Enn fremur er stefnt að því að senda viðhorfakönnun til allra brautskráðra á árinu 2014, samtals um 60 einstaklinga, en sú könnun er ekki fullfrágengin. Ætlunin er að gera kannanir meðal brautskráðra að reglubundnum lið til frambúðar. – Úttektaraðilar hafa vitneskju um að þrjár kannanir voru gerðar vorið 2017 eftir heimsókn þeirra í FVA: foreldrakönnun meðal nýnema, könnun meðal brautskráðra og könnun meðal útskriftarnema. Niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þessi skýrsla er skrifuð.

Sjálfsmatsskýrslan fyrir haustönn 2015 kom út í maí árið eftir og er undirrituð af skóla-meistara og aðstoðarskólameistara. Þær setja í lokaorðum fram vissa stefnumörkun um það hvernig þær sjái fyrir sér eðli og tilgang innra mats á skólastarfi Fjölbrautaskóla Vesturlands til lengri tíma.

Styrkleikar

- Stefnuskjöl FVA eru fullnægjandi en unnið er að endurskoðun þeirra á vettvangi gæðaráðs, nefndar um endurskoðun skólanámskrár og starfshóps um fjölbreytta kennsluhætti.
- Heimasíða FVA er vel skipulögð og auðvelt að sækja þangað upplýsingar.
- Starfslýsingar eru knappar en afmarka helstu verk- og ábyrgðarsvið.
- Ársskýrslur skólameistara veita góðar upplýsingar um skólastarfið.
- Sjálfsmatsaðferðir eru í gagngerri endurskoðun með það markmiði að gera sjálfsmatið að öflugum verkfæri til umbóta á sem flestum sviðum innan skóla.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skipurit skólans og laga það að raunverulegri ábyrgðar- og verkaskiptingu allra aðila sem í því eiga að vera.
- Ágreiningur er í starfsmannahópi FVA um faglega forystu skólameistara.
- Skólanefnd og foreldraráð þarf hvoru tveggja að virkja betur sem samráðs- og tillögu-vettvang.
- FVA kemur illa út úr könnuninni Stofnun ársins 2017.
- Reglubundið sjálfsmat í FVA hefur liðið fyrir átök innan skólans síðustu misseri.
- Gæta þarf þess að stjórnendur sitji ekki beggja vegna borðs þegar kemur að sjálfsmati og greiningu á niðurstöðum þess.

Umsögn ytri matsaðila um kennslu og námsframboð (styrkleikar/veikleikar)

Námsframboði í Fjölbrautaskóla Vesturlands er lýst framfarir í þessari skýrslu og þar kemur fram að bóknámsbrautir hafa allar verið skráðar í námskrárgrunn mennta- og menningarmála-ráðuneytis. Fæstar verknámsbrautanna hafa hins vegar verið skráðar í grunninn. Skólameistari segir að vegna óvissu um skipulag iðnnáms í landinu hafi skólinn haldið að sér höndum meðan verið sé að vinna brautir í öðrum skólum, í ráðuneyti og starfsgreinaráðum en þó sé búið að setja húsasmíðabraut í námskrárgrunn. Námsframboð er tiltölulega fjölbreytt, inntökuskilyrði eru tilgreind eftir því sem við á og námsleiðir eru skilgreindar á heimasíðu skólans. Faggreinamenntaðir kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í flestum áföngum.

Að mati aðstoðarskólameistara og áfangastjóra mætti vera betri yfirsýn innan skólans um kennsluhætti og námsmat. Á sama hátt bendir rýnihópurinn sem fjallaði um vísbendingar 22–28, nám og kennslu, á að erfitt sé að leggja öruggt mat á þær vegna skorts á fullnægjandi gögnum. Þótt kennsluhættir séu taldir fjölbreyttir og reynt sé að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni megi alltaf gera betur á því sviði. Kennsluhættir eru til skoðunar og bendir rýnihópurinn á að starfandi sé vinnuhópur innan skólans sem eigi að koma með ábendingar um fjölbreytta kennsluhætti, gæðamál séu til skoðunar og framsetning kennsluáætlana. Stjórnendur taka undir ákveðinn gagnaskort og í því sambandi má vísa til kaflans hér næst á undan.

Að sögn deildarstjóra hefur ný námskrá ekki gengið vel, nemendur eru að þeirra mati ekki nógu vel undirbúnir af hálfu grunnskóla til að takast á við þriggja ára stúdentsnám. Samtal er lítið á milli skólastiga og nemendur þurfa að taka framhaldsskólanámið mjög stíft til að ljúka því á þremur árum. Þeir telja að allt stefni í að nemendur þurfi a.m.k. þrjú og hálf ár til að ljúka stúdentsprófi á skikkanlegan máta.

Í skólanámskrá eru eftirtektarverðar reglur um rétt kennara til þess að halda vinnufrið í kennslustundum. Þær eru í sex eftirfarandi liðum:

1. Kennari er verkstjóri í kennslustundum og stjórnar því sem þar fer fram. Það er réttur kennara og nemenda að vinnufriður ríki í kennslustundum.
2. Kennara er heimilt að færa í sundur einstaklinga sem trufla.
3. Kennara er heimilt að vísa nemanda úr kennslustund.
4. Kennara er heimilt að neita nemanda sem vísað hefur verið úr kennslustund um að sækja tíma í viðkomandi áfanga hafi nemandinn ekki gert hreint fyrir sínum dyrum.
5. Nemendur sem ítrekað trufla vinnufrið í kennslustundum geta átt yfir höfði sér brottvísun úr skóla.
6. Notkun síma, myndavéla, fartölva, spjaldtölva og tónhlaða er óheimil í kennslustundum án leyfis kennara.

Það sem einkum vekur athygli við þessar reglur er hve kennaramiðaðar þær eru þótt tekið sé fram að það sé sameiginlegur réttur kennara sem nemenda að vinnufriður sé virtur. Þá er það einnig athyglisvert að sérstakt leyfi kennara þurfi til þess að nýta tölvur eða annan búnað til glósugerðar eða annars náms.

Um stuðning við nemendur (vísbendingar 29 og 30) segir rýnihópur FVA að nemendur á starfsbraut fái fullnægjandi þjónustu en þegar komi að sértækum úrræðum meðal annarra nemenda megi gera betur. Nefnir hópurinn þar sérstaklega þjónustu vegna lesblindu og annarra lestrarörðugleika. Stjórnendur bæta því við að í stefnu skólans til næstu þriggja ára felist bæði aukin ráðgjöf til nemenda og bætt þjónusta vegna lesblindu.

FVA hefur ekki eiginlega námsmatsstefnu. Að mati aðstoðarskólameistara og áfangastjóra er þó töluvert samræmi innan deilda í námsmati en það geti verið ólíkt milli námsgreina. Í skólanámskrá er ítarlegt regluverk sem lýtur að námsmati og framkvæmd þess. Þar er kveðið á um að nemendum skuli „gert ljóst í upphafi áfanga hvernig námsmati verður hagað“ en jafnframt sagt að aðferðir við matið séu ekki eins í öllum áföngum. Nemendur eiga að fá

kennsluáætlanir við upphaf kennslu í hverjum áfanga og þar á að tilgreina hvernig árangur þeirra verður metinn og hvert er vægi einstakra þátta í námsmati. Að því búnu er einkunnakvarðinn skilgreindur og þau einkunnarmörk sem nemi verður að standast á lokaprófi til þess að verkefni gildi. Prófareglur eru ítarlegar og taka meðal annars til ýmissa frávika fyrir nemendur með „staðfesta skynjunarörðugleika“. Undir lok reglnanna eru ákvæði um prófsýningar, endurtökurétt nemenda og meðferð mála þegar nemandi unni ekki einkunn kennara.

Deildarstjórar segja framkvæmd námsmats með mismunandi hætti eftir greinum og deildum og í raun séu allar útgáfur af námsmati við hafðar í skólanum. Leiðsagnarmat/símat sé á sumum sviðum en annars staðar er notað vægi verkefnis- og lokaprófseinkunna. Kveða þeir skiptingu milli lokaprófa og símats nokkuð jafna og talsvert hafi færst í vöxt svokallað sleppikerfi sem felur í sér að nemandi sem náð hefur tiltekinni einkunn í símati og mætingum geti sleppt lokaprófi. Þeir telja að það fyrirkomulag hafi bætt mætingu nemenda til muna. Hins vegar gæti nokkurs ósamræmis á milli kennara við framkvæmd þess sem valdi óánægju og það þurfi að laga.

Í athugasemdum rýnihópa skólans kemur fram að slök útkoma í námsmati sé rædd innan deilda og leitað leiða til úrbóta. Ekki er minnst á að rætt sé sérstaklega um matið þegar það skilar góðri niðurstöðu.

Tveir rýnihópar starfsmanna fjölluðu um vísbendingar 31–46. Samhljómur var með þeim um þær sem snúa að námsmati en sama er ekki upp á teningnum þegar kemur að starfsþróun kennara (vísbendingar 34–37). Í athugasemdum þeirra (ekki sundurgreindar eftir hópum) kemur fram að kerfið sem heldur utan um endurmenntun sé ómarkvisst og framboð hennar tilviljunarkennt. Kennarar séu þó duglegir við að nýta það sem í boði er þótt stundum sé verulegur munur greinanlegur á bók- og verknámsáföngum. Það er ekki frekar útskýrt en af svörum hópanna má ráða að hvatningu til endurmenntunar og nýbreytni í starfi megi auka og greinilega er lítið um reglulega endurgjöf á kennslu frá öðrum kennurum eða matsaðilum. Skólameistari segir kennara hvatta til að sækja sér endurmenntun en það megi samt ekki gera á kostnað kennslu til nemenda.

Í athugasemdum stjórnenda segir að meðal verkefna gæðaráðs verði að „fullvinna jafningjamat og frammistöðumat auk starfsþróunaráætlunar.“ Deildarstjórar funda hálfsmánaðarlega með kennurum sínum og ræða þar fagleg málefni sinna eininga. Þeir eru samdóma um að taka þurfi málefni endurmenntunar kennara til gagn Gerrar endurskoðunar með það að markmiði að auðvelda þeim að sækja hana á dagvinnutíma.

Námsgögn eru misjöfn eftir greinum. Á sumum sviðum eru þau góð og fjölbreytt en fábreyttari á öðrum. Aðstaða til verklegrar kennslu er mjög góð í tréiðnaðardeild, viðunandi að mati heimamanna í rafiðnaði en mikilla úrbóta er þörf í málmiðnaði. Þar er viss endurnýjun hafin og til stendur að gera allt húsnæði deildarinnar upp sumarið 2017. Aðstaða til kennslu í raungreinum er vel við unandi að mati starfsmanna og endurnýjun er hafin á húsbúnaði í kennslustofum.

Námsumsjónar- og kennslukerfið er INNA og virðist þökkaleg sátt vera með hana. Rafbækur hafa rutt sér nokkuð til rúms, einkum í rafiðnaði, en FVA gerir ekki kröfu til nemenda um að þeir séu með eigin fartölvu eins og áður hefur komið fram.

Bókasafnið er ágætlega staðsett í húsum skólans. Það er nokkuð vel búið bókum og aðgangur er að gagnaböndum. Lesaðstaða er fyrir u.þ.b. 20 manns á safninu sjálfu og tölvuver er handan gangsins í nánnum tengslum við safnið sjálft. Það þarfnast endurnýjunar. Lítil aðstaða er fyrir hópvinnu. Starfsmaður bókasafnsins er aðeins einn og vegna lítillar mönnunar er viðvera hans mikil. Samhljómur er um að þjónusta safnsins við notendur sé persónuleg og góð.

Styrkleikar

- Námsframboð er tiltölulega fjölbreytt.
- Faggreinamenntaðir kennarar með kennsluréttindi annast kennslu í flestum áföngum.
- Nemendum á starfsbraut er vel sinnt.

- Regluverk skólans er um margt ítarlegt og nákvæmt.
- Svokallað sleppikerfi við námsmat hefur bætt skólasókn nemenda.
- Þjónusta bókasafns skólans er góð.

Tækifæri til umbóta

- Skrá þarf allar verknámsbrautir í námskrárgrunn.
- Ófullnægjandi gögn eru um kennsluhætti og námsmat.
- Ræða þarf skipulega um námsmat innan skóla með það að markmiði að setja honum ákveðna námsmatsstefnu.
- Koma þarf á formlegri samræðu á milli FVA og grunnskólanna á Akranesi með það fyrir augum að greiða nemendum leið á milli skólastiganna tveggja.
- Reglur þarf að gera nemendamiðaðri.
- Samræma þarf framkvæmd sleppikerfis við námsmat.
- Hvatningu til endurmenntunar og nýbreytni í starfi þarf að auka og sama er um endurgjöf á kennslu frá samkennurum eða matsaðilum.
- Úrbætur á aðstöðu málmiðnaðardeildar eru knýjandi.

Umsögn ytri matsaðila um samskipti og líðan (styrkleikar/veikleikar)

Fjölbrautaskóli Vesturlands notar Framhaldsskólapúlsinn til þess að fylgjast með líðan nemenda. Hann er gerður þannig að netkönnun fer fram meðal úrtaks nemenda og ætlunin er að mæla 22 aðskilda þætti. Sú könnun sem síðast var gerð í FVA fór fram í nóvember 2016, þátttakendur voru 150 og svarhlutfall var 72,7%. Svör einstakra skóla eru borin saman við svör úr þeim hópi framhaldsskóla sem þátt taka hverju sinni og í þetta skipti voru það tveir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu og þrír utan þess (þ.m.t. FVA).

Við athugun á niðurstöðunum kemur í ljós að nemendur FVA skera sig ekki marktækt frá samanburðarhópnum nema í þremur tilvikum. Þeir segjast fá lítilla meiri stuðning frá kennurum sínum en aðrir, þeir segjast mæta mun betur í skólann en hópurinn í heild og þeir segjast hafa orðið sjaldnar en aðrir fyrir áreitni og ofbeldi. Önnur frávík eru óveruleg og ekki marktæk. Þetta táknar ekki að öllum líði eins og best verður á kosið og t.d. má nefna að 10,4% nemenda FVA telja sig hafða útundan, 15,1% telja sig ekki falla inn í hópinn, 20,7% segjast ekki eiga marga góða vini í skólanum, 23,8% eru ekki hamingjusöm í skólanum og 24,6% eru ekki sátt innan veggja hans. Þetta eru háar tölur en greining á ástæðum þess að niðurstöðurnar eru á þennan veg liggur ekki fyrir og svipaðar niðurstöður eru meðal viðmiðunarhópsins í heild sinni.

Þegar litið er til upplýsinga um stuðning kennara við nemendur eru 9–12% nemenda FVA þeirrar skoðunar að kennarar sýni námi hvers og eins þeirra aldrei eða næstum aldrei áhuga, að þeir útskýri ekki viðfangsefni í kennslu uns allir skilji og að þeir hvorki veiti nemendum nægilega aðstoð þegar á þarf að halda né gefi þeim tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar. Á móti kemur að 49–66% segja við þessa sömu svarliði að kennarar geri þetta ýmist í flestum eða öllum kennslustundum. Nokkrar spurningar lúta að virkni nemenda í tímum og er niðurstaðan sú að langflestir (yfir 90%) telja að þeir fái tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar þótt það sé ekki í öllum kennslustundum. Þó eru 18% sem álíta að skipulagðar umræður eða rökræður eigi sér aldrei eða næstum aldrei stað.

Í viðtali við rýnihóp nemenda kom fram að þeir telja að talsverður munur sé á áhuga, viðmóti og skipulagi kennara eftir bæði námsgreinum og kennsludeildum. Um leið var tekið fram að skólinn sé fjölbreyttur og í því geti hluti skýringanna falist. Bóknám og verknám sé sitt hvað og ætla megi að samskipti nemenda og kennara dragi einhvern dóm af því. Nemendur og deildarstjórar benda einnig á að allmikið sé um árekstra í töflu og þeir leiði eðlilega til óánægju meðal nemenda. Á árekstrunum eru margar skýringar. Sumir verða vegna nemenda sem eru að brautskrást og vantar einingar, aðrir vegna nemenda í iðn- og verknámi sem skortir samfellu í stundatöflu fyrir verklegar greinar og enn aðrir vegna þess að nemendur hafa orðið eftir á í einhverjum greinum.

Í Skólapúlsinum eru nokkrar spurningar sem lúta að samskiptum nemenda og kennara innan og utan veggja skólastofunnar. Meðal þess sem þar kemur fram er að þriðjungur nemenda telur að kennarar láti þá aðeins stundum eða aldrei vita af góðu gengi í námi og rúmur meiri hluti þeirra segir þá aldrei eða næstum aldrei ræða við þá um námslega styrkleika og veikleika sína. Á hinn bóginn telur þorri nemenda að stundum eða oftast séu lögð fyrir krefjandi verkefni sem þarfnast umhugsunar, samræðu, útskýringa af þeirra hálfu og ígrundunar. Margt fleira má lesa út úr Skólapúlsinum, s.s. um líðan nemenda (vellíðan, hamingju, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, þunglyndi, kvíða, svefnleysi og ástæður þess, einelti, áreitni og ofbeldi).

Geðhjúkrunarfræðingur er í fjórðungsstarfi hjá FVA og í rýniviðtölum kom fram að ókeypis sálfræðiþjónusta standi nemendum til boða á vegum bæjarfélagsins og þar sé jafnan langur biðlisti. Að mati starfsmanna í stoðþjónustu hefur kvíði meðal nemenda vaxið mikið á undanförunum árum og sé litið til þeirra sex spurninga í Skólapúlsinum sem eiga að mæla þann þátt sést að 10–17% nemenda FVA segjast hafa átt töluvert mikið eða mjög mikið við kvíðatengd vandamál að stríða. 64–80% segja á hinn bóginn að vandamál þeirrar gerðar eigi alls ekki við sig og er það hlutfall í öllum tilvikum hærra en meðal viðmiðunarhópsins.

Tveir rýnihópar starfsmanna fjölluðu um vísbendingar 44–46. Samhljómur var með þeim um þær tvær sem snúa að skólabrag og líðan nemenda sem fá báðar hæstu einkunn. Þar virðast hóparnir aðeins hafa litið til nemendasamfélagsins því ljóst er af því sem áður hefur komið fram að umtalsverðir erfiðleikar eru í samskiptum sumra starfsmanna. Þegar kemur að vísbendingu 46 (um það hvort farið sé eftir brotum á skólareglum) gefur annar hópurinn B og hinn C. Í athugasemdum rýnihópanna kemur fram að ekki sé alltaf brugðist eins við brotum „á umgengnisreglum í kennslustundum“ og það var staðfest í viðtölum á vettvangi. Í þeim viðtölum kom einnig fram að misbrestur sé á að reglum um mætingar sé að fullu framfylgt enda megi skólinn ekki við því að nemendum fækki. Skólameistari segir stuðningsteymi skólans og stjórnendur fara vikulega yfir mætingar og skipta á milli sín verkum þegar kemur að viðtölum og eftirfylgni við viðkomandi nemendur. Markviss vinna sé í gangi við að finna þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með það að markmiði að styðja þá í námi og taka tillit til aðstæðna þeirra.

Tölulegar upplýsingar og vitnisburðir viðmælenda staðfesta að mætingar í bóknámi eru oft á tíðum slakar og þótt sleppikerfið hafi haft jákvæð áhrif í þá veru að bæta þær er samhljómur um að þær sé verk að vinna. Nokkuð er um að nemendur skrópi sig úr einstökum áföngum en fátítt að þeim sé vísað úr skóla.

Nemendum við FVA hefur fækkað mikið á undanförunum árum eins og sýnt er á mynd 1. Sé litið enn lengra aftur sést að á árunum 2007–2008 voru nemendur 660–680 hvort ár en á vorönn 2017 voru þeir aðeins 367. Starfsfólk segir að þessi mikla fækkun komi glögg fram í því að mun minni kraftur sé í félagslífi en áður og taka sem dæmi að fyrir nokkrum árum hafi matsalurinn iðað af lífi en nú sé þar mun hljóðara og minna um að vera. Þá á klúbbastarfsemi innan nemendafélagsins í vök að verjast sem bæði má rekja til fækkunar nemenda og mikillar vinnu þeirra meðfram námi en einnig almennrar þátttöku í íþróttastarfsemi utan skóla. Skólayfirvöld hafa reynt að blása lífi í virka þátttöku nemenda innan skóla, m.a. með þjóðfundum, nú síðast á vorönn 2017 þar sem unnið var með gildi FVA.

Nemendafélag FVA, NFFA, gerir hvað það getur til þess að halda úti félagsstarfi og stendur fyrir ýmsum viðburðum. Þátttaka nemenda í NFFA er frjálts en langflestir nemenda skrá sig í félagið og greiða félagsgjald. Vel hefur gengið að fá nemendur til að bjóða sig fram til stjórnar, sem fundar vikulega og er skipuð sex einstaklingum. Stjórn notar kynjakvóta við kosningar í ráð og nefndir sem kemur samt ekki í veg fyrir að klúbbar sem starfa á vegum þess eru margir mjög kynskiptir.

Foreldrafélag var stofnað við FVA haustið 2001. Lög þess eru birt á heimasíðu skólans og upplýsingar um síðustu stjórn taka til skólaársins 2015–2016. Fundargerðir eru skráðar en þær eru ekki aðgengilegar á heimasíðu. Fram kom í viðtölum að erfitt sé að fá fólk til starfa. Samskipti við skólameistara eru góð en starfsemi félagsins að öðru leyti er ekki umtalsverð. Formaður félagsins situr fundi skólanefndar og hefur tækifæri þar til að taka þátt í umræðu um námskrá og námsbrautir skólans.

Í vísbendingum 57–59 er spurt um skráð og virk tengsl FVA við önnur skólastig og aðila utan skóla um nám nemenda. Þar sem langstærstur hluti nemenda kemur úr grunnskólunum tveimur á Akranesi mætti ætla að samskipti á milli skólastiganna væru greið en í reynd takmarkast þau við reglulega fundi skólastjórnenda en engin formleg samskipti eru á milli skólanefnda. Greiningar fylgja ólöggráða nemendum á milli skóla en þrátt fyrir nálægð milli aðila eru önnur samskipti og samræða lítil. Það hefur meðal annars leitt til þess að bil hefur myndast í mörgum námsgreinum á milli skólastiganna vegna styttingar framhaldsskólans og nýrrar námskrár hans. Að mati viðmælenda er nauðsynlegt að fara rækilega yfir það hvernig megi brúa þetta bil með það að markmiði að auðvelda nemendum förina á milli.

Um tengsl við viðtökuskóla að loknu námi í FVA er það að segja að stjórnendur skólans sækja árlega fundi með fulltrúum HÍ og HR og þeir ásamt náms- og starfsráðgjöfum funda árlega með fulltrúum háskólastigsins. Þá á skólameistari sæti í starfshópi um inntökukröfur í HÍ.

Virkt samstarf er við atvinnulífið í verk- og starfsgreinum og um starfsbraut en bein aðild utanaðkomandi aðila að stefnumótun innan skóla er engin.

Styrkleikar

- Nemendur FVA skera sig að jafnaði ekki marktækt frá samanburðarhópum í Skólapúlsinum.
- Nemendur eru alla jafna hvattir til virkni í kennslustundum.
- Skólabragur innan nemendasamfélagsins virðist góður.
- Virkt samstarf er við atvinnulífið í verk- og starfsgreinum ásamt starfsbraut.

Tækifæri til umbóta

- Greina þarf ástæður þess að allstórum hópi nemenda líður ekki vel í skólanum og leita leiða til úrbóta.
- Draga þarf úr árekstrum í stundatöflu.
- Leita þarf leiða til þess að bæta mætingar nemenda.
- Kennarar þurfa að auka við persónulega endurgjöf til nemenda sinna.
- Vinna þarf að auknum og bættem samskiptum meðal starfsmanna.
- Mikilvægt er að styðja og styrkja félagsstarf nemenda eftir því sem kostur er.
- Efla þarf foreldrafélagið og virkja það til frekara samstarfs.
- Koma þarf á skipulegum samskiptum á milli kennara í grunnskólunum á Akranesi og í FVA með það að markmiði að samhæfa áherslur og auka samfellu innan einstakra námsgreina.

Umsögn ytri matsaðila um skólahúsnaði og aðbúnað (styrkleikar/veikleikar)

Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur yfir að ráða fullnægjandi húsnaði fyrir þá starfsemi sem þar fer fram og vel það. Aðalbygging skólans er rúmlega 6300m² og þar af er trésmíðaverkstæðið 440m². Málmiðnahúsið er tæplega 1000m² og heimavistin um 1250m². Að öllu samanlögðu eru húsin þrjú um 8580m² að því er fram kemur í ársskýrslu skólans 2015. Þetta er mikill húsakostur fyrir ekki stærri stofnun og um hann segir svo í matsskýrslu FVA fyrir haustönn 2015:

Húsnaði er yfirdrifið nógu stórt fyrir þann nemendafjölda sem skólinn hefur enda voru byggingar miðaðar við að Fjölbrautaskóli Vesturlands yrði eini framhaldsskólinn á Vesturlandi og þjónaði öllum unglíngum í landsfjórðungnum. Ein kennslustofa er ekki notuð af skólanum heldur lánuð Fab-Lab Akranesi. Stofnunin hefur ekki eigið húsnaði til kennslu í íþróttum en leigir aðstöðu í íþróttahúsum bæjarins. Takmarkaður aðgangur að íþróttahúsum setur íþróttakennslunni skorður og kemur niður á töflugerð.

Aðalbygging FVA samanstendur af nokkrum einingum sem byggðar voru á alllögum tíma og gólf standast ekki á milli þeirra. Af því leiðir að tröppur, stigar, rampar og drjúgir gangar einkenna bygginguna umfram flest annað. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er eftir sem áður í góðu lagi, umgengni er víðast góð að frátöldum óþrífnaði og ýmsum vandræðum sem hljóttast af munntóbaki og sprautum sem notaðar eru við neyslu þess. Sorp er grófflokkað og listaverk prýða vegg. Lóðin utandyra er óaðlaðandi og lóðarfrágangi er að hluta til ábótavant en unnið er að endurbótum þar á.

Rúmt er um allar kennsludeildir skólans nema rafiðnaðinn sem býr við frekar þröngan kost. Endurnýjun og endurbætur á húsnaðinu fara fram í samvinnu við Ríkiseignir og almenn ánægja er með það fyrirkomulag. Sumarið 2017 verður ráðist í gagngerar og brýnar endurbætur á málmiðnahúsinu. Nauðsynleg endurnýjun búnaðar til kennslu þar og í öðrum verknámsgreinum er komin vel af stað.

Í vísbindingum 62–66 er spurt um það hvort FVA búi að fullnægjandi íþróttaaðstöðu, félagsaðstöðu fyrir nemendur, vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn, mótuneytisáðstöðu og tölvukosti. Svörin spegla öll góðan húsakost skólans með einni undantekningu. Hún er sú að skólinn á ekki eigið íþróttahús og það takmarkar möguleika hans til að halda úti hefðbundnum skólaíþróttum en að öðru leyti er líkamsrækt vel sinnt. Vinnuaðstaða kennara er vel fullnægjandi og sama er að segja um félagsaðstöðu nemenda. Yfirstjórnendur hafa aðstöðu á sérstökum stjórnendagangi sem tengist aðalafgreiðslu skólans en starfsmenn á þjónustusviði hafa aðstöðu víðar um bygginguna.

Mötuneyti er samtengt samkomusal skólans. Það sinnir bæði nemendum og starfsfólki, allur matur er eldaður á staðnum og salat er ævinlega á boðstólum enda er FVA heilsuefandi framhaldsskóli. Skólinn sér kennurum fyrir fartölvum og skjávarpar eru í öllum kennslustofum. Netsamband er gott í húsum FVA nema í heimavistinni og er miklum steypumassa og járnabindingum kennt um. Til að leysa það vandamál hefur endaherbergi á heimavist þar sem ástandið hefur verið hvað verst verið fasttengt. Tölvur í tölvuverum þarfnast margar endurnýjunar.

Bætt fjárhagsstaða FVA síðustu misseri hefur gert skólanum kleift að ráðast í umtalsverða endurnýjun á tækjabúnaði og öðrum búnaði. Þar má t.d. nefna að ein tölvustofa hefur verið endurnýjuð frá grunni og fjárfest verður í fleiri nýjum tölvum í tölvuveri og rafiðnaðardeild fyrir skólaárið 2017–2018. Enn fremur hefur verið keyptur fullkominn tölvustýrður fræsari og tölvustýrður rennibekkur sem hvorir tveggja eru forsenda nútíma verkþjálfunar í málmtækni. Á heimavist hefur verið útbúið nýtt samverusvæði með nýjum húsbúnaði. Í mótuneyti hafa ný framleiðslulína og salatbar verið tekin í notkun og verið er að endurnýja húsgögn í kennslustofum og á sal.

Styrkleikar

- Húsnæði FVA er í alla staði fullnægjandi og það rúmar vel þá starfsemi sem þar fer fram.
- Vel er hugsað um skólahúsnæðið og nauðsynleg endurnýjun á tækja- og húsbúnaði er hafin.
- Félagstaða nemenda er fullnægjandi.
- Vinnustaða starfsmanna er fullnægjandi.
- Mötuneytistaða nemenda sem starfsmanna er rúmgóð og maturinn virðist fjölbreyttur.

Tækifæri til umbóta

- FVA á hvorki eigið íþróttahús né hefur neina líkamsræktaraðstöðu innan skólans. Ástæða er til þess að huga að því að taka rými undir slíka aðstöðu sem nýst getur bæði nemendum og starfsfólki.
- Rýmka þarf um rafiðnaðinn.
- Ganga þarf frá lóð skólans og gera hana meira aðlaðandi.
- Bæta þarf netsamband á heimavist.
- Ástæða er til þess að ræða stefnu skólans í upplýsinga- og tölvumálum með það að markmiði að draga úr þeim sameiginlega tækjabúnaði sem ætlaður er nemendum.

Umsögn ytri matsaðila um lykilárangur (styrkleikar/veikleikar)

Vísbendingar þessa kafla (67–78) er erfitt að meta vegna þess að töluleg gögn eru fá til staðar. Af því leiðir að huglægt mat ræður allmiklu um það hvernig svarað er.

Í skýrslu sem unnin var á vegum mats- og greiningarsviðs mennta- og menningarmála-ráðuneytis um brautskráningar þeirra sem hófu nám á stúdentsnámsbrautum í framhaldsskólum árið 2007 kemur fram að um 60% innritaðra það ár höfðu lokið námi sex árum síðar. Hvað Fjölbrautaskóla Vesturlands varðar höfðu 94 nemendur af þeim 137 sem innrituðust árið 2007 brautskráðst frá einhverjum framhaldsskóla eða 69%. Þar af höfðu 83 lokið námi sínu frá FVA en 11 úr öðrum skólum. Í heild var skólinn í 7.–8. sæti í röð þeirra 28 skóla sem höfðu starfað nægilega lengi til þess að vera með í úttektinni. Eftirtektarvert er að allir þeir skólar sem höfðu hærra eða jafnt brautskráningarhlutfall voru hreinir bóknáms-skólar svo að þessu leyti stóð FVA fremstur blandaðra bóknáms- og verknáms-skóla. Í fylgiskjali með ársskýrslu skólans fyrir árið 2015 segir að þetta sýni að nemendur séu „bæði ábyrgir og vinnusamir.“

Af þessum tölum verður vart annað ályktað en að brautskráningarhlutfall FVA af stúdentsnámsbrautum sé vel ásættanlegt miðað við aðra skóla en engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um sams konar hlutfall í verknámi. Á það ber þó að líta að skólinn hefur hvorki sett sér skilgreind markmið um brautskráningarhlutfall né heldur um ásættanlegar framfarir í námi. Í athugasemdum stjórnenda við sjálfsmat skólans segir að gæðamælikvarðar FVA séu í skoðun og að náms- og starfsráðgjafi sé að vinna úr niðurstöðum brotthvarfsverkefnis sem tekur til þriggja síðustu ára. Þótt niðurstöður þeirrar vinnu liggi ekki fyrir er ljóst að skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi eins og áður hefur komið fram og aðferðinni sem beitt er við mælingar er lýst í bréfi frá skólameistara á þennan hátt:

Nemendafjöldi er tekinn eftir að töflubreytingum er lokið og fresturinn til að skrá sig úr áfanga er liðinn. Í lok annar er tekinn út listi yfir úrsagnir í Innu. Þar kemur fram fjöldi nemenda sem hefur hætt í námi og einnig nemendur sem hafa hætt í einstaka áföngum. Við höfum tekið nemendur sem hafa hætt námi + fjöldi nemenda sem hætt hafa í einstaka áfanga / 5 og fengið þannig út fjölda nemenda sem hefur hætt. Síðan er fundið hlutfall hættra á móti nemendum eftir töflubreytingar.

Sex vísbendingar lúta að grunnþáttunum sex og það hversu vel nemendur hafi tileinkað sér þá. Það er erfitt eða ómögulegt að meta þær allar af nákvæmni en í viðtölum við yfirstjórnendur kom fram að notast verður að hluta til við eigin „tilfinningu og spjall“ við nemendur til þess að gera sér mynd af stöðunni. Í skriflegum athugasemdum þeirra við sjálfsmat skólans segja þeir að gæðamælikvarðar séu í skoðun og að kennslukannanir hafi verið endurskoðaðar á haustönn 2016 og lagðar fyrir nokkra námshópa. Niðurstöður, segja stjórnendur, ættu að veita viss svör við umræddum vísbendingum en enn liggi ekki fyrir nægilega mörg svör til þess að þær séu marktækar. Þessu til viðbótar benda stjórnendurnir á að unnið sé að umhverfisstefnu fyrir skólann og segja að hann stefni að því að fá grænánann. Heilsustefna FVA er einnig í vinnslu og er hún unnin í samstarfi við nemendur, foreldra og kennara.

Skólalæping var haldið í fyrsta skipti í febrúar 2014. Í fylgiskjali með ársskýrslu þess árs segir að öllum nemendum hafi verið skipt í hópa og þeim var fengið verkefnið að svara því hverju þurfi að breyta í FVA það árið og hið næsta. Skólalæpingin hafa verið haldin árlega síðan og nefnast nú þjóðfundir og ætlast er til að allir nemendur og starfsmenn taki þátt.

FVA hefur ítarlega jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun sem hefur hlotið staðfestingu Jafnréttisstofu. Þar segir meðal annars að fræðsla um jafnréttismál skuli samofin skólastarfinu við kennslu ólíkra námsgreina. Þetta hefur tekist að einhverju marki að mati jafnréttisfulltrúa skólans sem hefur kennt vinsælan valáfanga í kynjafræði frá 2008. Áðurnefndir kynjakvótar við kosningar innan nemendafélagsins eru jafnframt til marks um áhrif jafnréttisumræðu innan og utan skóla í framkvæmd.

Það er þannig ýmislegt sem gert er og tengist þeim vísbendingum er taka til grunnþáttanna sex og þess hversu vel nemendur hafa tileinkað sér þá. Matsaðilar innan skóla meta alla þessa liði en úttektaraðilar treysta sér ekki á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga til þess að leggja dóm á hversu réttmætt álit þeirra er nema í tveimur tilvikum.

Skólinn fylgist ekki með reglulegum hætti með því hvernig nemendum hans nýtist skólagangan að loknu stúdentsprófi af bóknámsbrautum FVA og lítið er um haldbær gögn um það hvernig nám nemenda hefur nýst þeim á öðrum vettvangi að lokinni framhaldsskólagöngu. Áformað er að ráða bót á þessu og í vinnslu er könnun sem á að ná til allra þeirra sem luku námi við FVA á almanaksárinu 2014, hver sem námsbrautin var. Sú könnun mun ná til um sextíu einstaklinga og ætlun stjórnenda er að gera kannanir af þessu tagi að reglubundnum þætti í starfsemi skólans. Þá er einnig í undirbúningi að hefja foreldrakannanir en þær munu eðli máls samkvæmt taka til annarra þátta.

Fjölbrautaskóli Vesturlands stendur á vissum tímamótum. Átök síðustu ára hafa sett sinn svip á skólastarfið og ímynd skólans hefur skaðast til skemmri tíma lítið. Glöggar vísbendingar eru um að öldur sé að lægja og aðsókn að skólanum fyrir haustönn 2017 er mikil. Full ástæða er til þess að binda góðar vonir við áform skólastjórnenda um ýmis nýmæli samhliða því sem áfram verður byggt á því er vel hefur reynst.

Styrkleikar

- Brautskráningarhlutfall FVA af stúdentsnámsbrautum er hátt miðað við sambærilega framhaldsskóla.
- Skólinn hefur náð árangri við að draga úr brotthvarfi nemenda.
- Reglubundin skólaþing með þátttöku alls skólasamfélagsins eru til marks um lýðræðislega samræðu og samvinnu.
- Nokkuð markvisst er unnið að jafnréttismálum í FVA.

Tækifæri til umbóta

- Skólinn þarf að setja sér skilgreind markmið um brautskráningarhlutfall og ásættanlegar framfarir í námi.
- Vinna þarf að gæðamælikvörðum sem taka til þess hversu vel tekst að vinna með grunnþætti menntunar í daglegu skólastarfi.
- Afla þarf upplýsinga um raunverulegt gengi brautskráðra nemenda á næsta skólastigi og í atvinnulífi.

Viðauki: Heimildir og tilvísanir

Tölulegar upplýsingar um FVA í fyrri hluta skýrslunnar byggja aðallega á innsendum gögnum frá skólameistara, ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum skólans. Hér eru nefndar skriflegar og munnlegar heimildir og önnur gögn sem styðja beint við mat á einstökum þáttum í síðari hlutanum. Upplýsingar af heimasíðu eru ekki tilgreindar með vefslóðum og látið er nægja að flokka helstu heimildir eftir matsþáttunum fimm. Hvorki er vísað til ákveðinna rýnivíðtala við tiltekna vísbendingar vegna rekjanleika til nafngreindra einstaklinga né heldur er vísað til heimilda um mat á hverri þeirra fyrir sig. Um það hvernig skólinn stóð að eigin mati á einstökum vísbendingum vísast til inngangs skýrslunnar.

Mats- þættir	Heimildir
1–18: Stjórnun og skipulag	Atli Harðarson. (2012). <i>Viðbrögð við tillögum í skýrslu um úttekt á Fjölbrautaskóla Vesturlands.</i>
	<i>Ársskýrslur Fjölbrautaskóla Vesturlands 2012–2015.</i>
	Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. (2012). <i>Fjölbrautaskóli Vesturlands: úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.</i>
	Bréf og skýrslur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna samskiptaörðugleika í FVA 2015–2017.
	<i>Framhaldsskólapúlsinn 2016-2017: Fjölbrautaskóli Vesturlands.</i> Desember 2016.
	Gögn frá efnahags- og fjármálaráðuneyti um laun framhaldsskólakennara eftir skólum.
	Gögn frá skólameistara.
	Matshópar FVA vegna ytri úttektar.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FVA.
	<i>Sjálfsmatsskýrslur FVA 2012–2015.</i>
	<i>Skipurit FVA.</i>
	<i>Skólanámskrá FVA.</i>
	<i>Skólanefnd [FVA].</i>
	<i>Skólasamningur 2015–2019.</i>
<i>Stofnun ársins 2017.</i>	
19–43: Kennsla og náms- framboð	<i>Aðalnámskrá framhaldsskóla.</i>
	<i>Ársskýrslur FVA 2012–2015.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.</i>
	Matshópar FVA vegna ytri úttektar.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FVA.
<i>Skólanámskrá FVA.</i>	
44–56: Samskipti og líðan	Foreldraráð Fjölbrautaskóla Vesturlands.
	<i>Framhaldsskólapúlsinn 2016-2017: Fjölbrautaskóli Vesturlands.</i>
	Gögn frá skólameistara.
	Matshópar FVA vegna ytri úttektar.
	<i>Matskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2015.</i>
	Nemendafélag [FVA].
Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FVA.	

	<i>Skólanámskrá FVA.</i>
57–65: Húsnæði og aðbún- aður	<i>Ársskýrsla FVA 2015.</i>
	Matshópar FVA vegna ytri úttektar.
	<i>Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2015.</i>
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FVA.
66–79: Lykil- árangur	<i>Ársskýrslur FVA 2014 og 2015.</i>
	Gunnar J. Arnason. (2014). <i>Dreifing brautskráninga eftir útskriftartímabilum</i> . Skýrsla frá mats- og greiningarsviði mennta- og menningarmálaráðuneytis.
	Gögn frá skólameistara.
	<i>Jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.</i>
	Matshópar FVA vegna ytri úttektar.
	Rýnivíðtöl við einstaklinga og hópa í FVA.
	<i>Skólanámskrá FVA.</i>

Akureyri 23. febrúar 2017

Efni: Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands

Eins og fram kemur í bréfi Menntamálastofnunar dags. 2. desember 2016 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Fjölbrautaskóla Vesturlands. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Úttektin verður byggð á fyrirliggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 25. mars nk.:

- *Ársskýrsla 2014 og 2015.*
- *Sjálfsmatsskýrslur 2015 og 2016.*
- *Gildandi skólanámskrá.*
- *Gildandi skólasamningur við mennta- og menningarmálaráðuneyti.*
- *Upplýsingar um árlegan kennslutíma (skólaár 2015-2016 og 2016-2017).*
- *Upplýsingar um nemendur:*
 - *Fjöldi dagskólanemenda vor og haust 2012–2017 (sjá töflu 1 á fylgiblaði).*
 - *Aðsókn í fjarnám haust 2013 til hausts 2016 (sjá töflu 2 á fylgiblaði).*
 - *Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – haust 2016 og vor 2017. (Sjá töflu 3 á fylgiblaði)?*
 - *Fjöldi dagskólanemenda á haustönn 2016 og vorönn 2017 eftir aldri og kynjum (Sjá töflu 4 á fylgiblaði).*
 - *Fjöldi innritaðra fjarnemenda á haustönn 2016 og vorönn 2017 (sjá töflu 5 á fylgiblaði).*
 - *Þróun í innritun nýnemenda að hausti frá 2012–2016 (sjá töflu 6 á fylgiblaði).*
 - *Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2012–2016 greind eftir kynjum (sjá töflu 7 á fylgiblaði).*
 - *Meðalstærð námshópa haust 2016 og vor 2017.*
 - *Fjarvistarskráning nemenda vor og haust 2016 (sjá töflu 8 á fylgiblaði).*
 - *Brotthvarf nemenda vor og haust frá hausti 2012 til hausts 2016 (sjá töflu 9 á fylgiblaði).*
 - *Brautskráningar eftir námsbrautum 2012–2016 (sjá töflu 10 á fylgiblaði).*
- *Upplýsingar um starfsfólk:*
 - *Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum að hausti 2016 (sjá töflu 11 á fylgiblaði).*
 - *Starfsaldur kennara við a) FVA og b) aðra skóla.*
 - *Upplýsingar um starfsmannaveltu við skólann sl. fimm ár.*
 - *Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum, haust 2016 og vor 2017.*
 - *Menntun kennara (sjá töflu 12 á fylgiblaði).*
 - *Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?*
- *Skipurit skólans.*
- *Námstími nemenda við brautskráningu.*
- *Umfang forfalla kennara og forfallakennslu á haustönn 2016.*
- *Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á haustönn 2016.*
- *Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu (t.d. í viðauka við skólasamning).*

Ef einhverjar ofangreindra upplýsinga liggja fyrir á vef nægir að vísa á þær þar.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann dagana 3. og 4. apríl. Ef einhver vandkvæði eru á því að taka á móti okkur þá daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Mánudagur 3. apríl		
8:30-10:00	Skólameistari	
10:15-11:00	Rýnihópur nemenda (átta nemendur valdir af nemendaráði)	
11:15-12:00	Deildarstjórar	
13:00-13:30	Stjórn nemendafélags og félagsmálafulltrúi	
13:45-14:30	Rýnihópur kennara	
14:45-15:15	Fjármálastjóri og skólaritari	
15:30-16:00	Foreldrafélag	
Þriðjudagur 4. apríl		
8:30-9:15	Verkefnisstjóri innra mats	
9:30-10:00	Bókavörður og umsjónarmaður tölvukerfis	
10:15-10:45	Náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri starfsbrautar	
11:00-11:30	Jafnréttisfulltrúi	
11:45-12:15	Annað starfsfólk	
	Húsvörður	Ræstingastjóri
	Matráður	Vistarstjóri
13:00-13:30	Formaður skólanefndar	
13:45-14:45	Aðstoðarskólameistari og áfangastjóri	

Rýnihópur 10 kennara hefur verið valinn með handahófsúrtaki úr starfsmannalista sem sóttur var á vef skólans. Við munum hafa samband í tölvupósti við viðkomandi og óska eftir þátttöku þeirra. Jafnframt munum við hafa samband við formann nemendafélagsins og fara þess á leit við hann að velja nemendur í rýnihóp og boða til viðtals. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við framangreint og boði til viðræðna við úttektaraðila skv. töflu. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra að höfðu samráði við undirritaða.

Með bestu kveðju.

